

EINBYLISHÚS Í KÓPAVOGI  
Innbyggður bílskúr  
og frábært útsýni  
Fasteignir  
allt í MIÐJU BLAÐSINS

**allt atvinna**  
Störf í boði...

STÉPHANE AUBERGY  
Víninnflytjandi með  
hugsjónir  
Mótmælir áfengisgjaldi með verðlækkun  
FÓLK 34



Upplýsingar hjá Fyrirtækjajónustu  
Flugfélags Íslands; sími 570 3606.  
Netfang: flugkort@flugfelag.is

www.flugfelag.is  
**Flugkortid er greiðslu-  
og viðskiptakort**  
ætlad fyrirtekjum í viðskiptum  
við Flugfélag Íslands  
FLUGFÉLAG ÍSLANDS  
Fyrirtækjajónusta

# FRÉTTA BLAÐIÐ

3. apríl 2006 — 91. tölublað — 6. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

**Vinna með hugmyndaheim  
H.C. Andersen**  
Hjónin Ilya og Emilia vinna saman að listsköpun sinni og nú heimsækja þau Ísland í annað sinn með ævintýralegar innsetningar í farteskinu.  
**MENNING 22**




**Jóhanna Heiður Gestsdóttir**  
Formaður Krianna, hagsmunafélags lögreglukvenna, segir að þegar hún byrjaði í lögreglu hafi engin vinnuföt verið til með kvensniði og skyrtnan náði henni niður að hnjám.  
**TÍMAMÓT 18**

**Svona pistill**  
Í þrjú ár hef ég vaknað á sunnudagsmorgnum og skrifað pistilinn, svolítið eins og prestur að skrifa stólræðu dagsins. Þetta er orðið ágætt, segir Guðmundur Andri Thorsson í kveðju-pistli sínum í blaðinu í dag.  
**Í DAG 16**


**Logi Geirsson fór mikinn**  
Logi Geirsson fór fyrir liði sínu Lemgo sem komst í úrlitaleik í Evrópukeppni félagsliða í gær þrátt fyrir tap gegn Gummersbach. Logi skoraði tíu mörk fyrir Lemgo en Guðjón Valur Sigurðsson ellefu fyrir Gummersbach.  
**ÍÞRÓTTIR 28**



**VEÐRIÐ Í DAG**



**VEÐRIÐ AÐ BREYTAST** - Í dag verður yfirleitt hæg suðvestlæg eða vestlæg átt. Úrkomulaust framan af degi en slydda eða rigning vestan til um eða eftir hádegi. Hiti 1-4 stig á landinu sunnan og vestanverðu annars vægt frost. Hlýnandi veður.  
**VEÐUR 4**



## Styðja ekki stjórnarfrumvarp Valgerðar

Allir þingmenn Sjálfstæðisflokksins í iðnaðarnefnd leggjast gegn frumvarpi iðnaðar- og viðskiptaráðherra um Nýsköpunarmiðstöð Íslands. Valgerður Svverrisdóttir hefur trú á að frumvarpið verði að lögum og ætlar ekki að breyta því.

**ALÞINGI** Þingmenn Sjálfstæðisflokksins í iðnaðarnefnd segjast ekki tilbúnir til þess að samþykka, að óbreyttu, frumvarp um stofnun Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands, sem Valgerður Svverrisdóttir, iðnaðar- og viðskiptaráðherra, hefur lagt fram. Þetta staðfestu allir þingmenn Sjálfstæðisflokksins sem sæti eiga í iðnaðarnefnd við Fréttablaðið í gær. Til þess að frumvarpið verði að veruleika þarf iðnaðarnefnd að samþykka það.

Sigurður Kári Kristjánsson, sem er einn þeirra sem á sæti í iðnaðarnefnd, segir ekki vera nægilega góðan stuðning um málið innan Sjálfstæðisflokksins eða í iðnaðarnefnd, til þess að það verði samþykkt. „Það hafa verið gerðar athugasemdir við þessa tillögu Valgerðar á ýmsum forsendum. Frá

mínunum bæjardryrum séð er það augljóst að það er ekki stuðningur um málið í nefndinni.“

Valgerður Svverrisdóttir, iðnaðar- og viðskiptaráðherra, segist sannfærð um að frumvarpið sé til þess fallið að efla nýsköpunar- og þekkingarstarf. „Ég er bjartsýn á að þetta frumvarp verði að lögum í vor. Ég tel ekki nauðsynlegt að gera breytingar á frumvarpinu, heldur þurfa þingmenn Sjálfstæðisflokksins að mynda sér samstillta skoðun á þessu máli.“

Í frumvarpinu er lagt til að Byggingastofnun, Iðntæknistofnun og Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins verði sameinaðar í Nýsköpunarmiðstöð Íslands. Samhliða þessu verður mikil áhersla lögð á það að efla stuðningskerfi við nýsköpun og atvinnuþróun.

Þekkingarsetur, sem staðsett eru víða um land, verða drifkraftar nýsköpunar og atvinnuþróunar á landsbyggðinni. Höfuðstöðvar Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands eiga samkvæmt frumvarpinu að vera á Saudárkróki en áfram verður þó tæknirannsókn- og frumkvöðlastarfsemi í Keldnaholti í Reykjavík.

Í iðnaðarnefnd sitja Sigurður Kári Kristjánsson, Einar Oddur Kristjánsson, Kjartan Ólafsson og Gunnar Örlygsson fyrir hönd Sjálfstæðisflokksins. Katrín Júlíusdóttir, Jóhann Ársælsson og Helgi Hjörvar eru fyrir hönd Samfylkingarinnar. Sigurjón Þórðarson er fyrir Frjálslynda flokkinn og Birkir Jón Jónsson fyrir Framsóknarflokkinn en hann er jafnframt formaður nefndarinnar. -mh



**BÍLLINN ILLA FARINN** Billinn er gjörnýtur eftir eldinn.  
FRÉTTABLAÐIÐ/ÓNGUNNAR

## Bíll brann á Hellsisheiði: Tókst að forða sér úr bílnum

**BRUNI** Tveir menn sluppu ómeiddir þegar kviknaði í jeppabifreið sem þeir voru í á Hellsisheiði um tvö leytid í gær.

Að sögn lögreglu fundu mennirnir mikla bensínlykt í bílnum og stöðvuðu hann og komu sér út úr honum. Skömmu seinna blossaði upp mikill eldur og varð bíllinn aelda á skömmum tíma. Mönnunum tókst þó að bjarga ýmsum persónulegum munum úr bílnum en hluti farangurs sem þeir höfðu meðferðis brann með bílnum.

Ekki er vitað hvað olli brunanum en bifreiðin var sex ára gömul. -mh

## Pota nauðlenti í Keflavík: Sprunga myndaðist í rúðu

**FLUG** Sprunga myndaðist í framrúðu í flugstjórnarklefa farþegaþotu bandaríska flugfélagsins Max Jeat og þurfti að lenda þotunni á Keflavíkurflugvelli vegna þess.

Þotan, sem er af gerðinni Boeing 767-300, var á leið frá London til New York þegar sprunga myndaðist í ytra byrði framrúðunnar. Flugmenn þotunnar ákváðu að lækka flugið og fljúga þotunni til lendingar í Keflavík.

Engin hættu var á ferðum vegna sprungunnar og var ekki gripið til ráðstafana á Keflavíkurflugvelli vegna lendingar þotunnar. -mh



**SLÖKKVILIÐSMADUR VIÐ STÖRF** Sinueldar hafa verið tíðir að undanfönu og þurfti lögreglan í Reykjavík að loka þjóðvegi eitt á Kjalarnesi í gær, þar sem reyk frá sinueldum lagði yfir veginn. Slökkviliði, lögreglu og björgunarsveitum tókst að slökkva eldinn með samstilltu átaki.  
FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

Sinueldar trufluðu umferð á Kjalarnesi:

## Hætta skapaðist vegna elda

**SINUELDAR** Loka þurfti veginum upp á Kjalarnes í gær vegna mikilla sinuelda. Lögreglan í Reykjavík fékk tilkynningu um hálf fjögur leytid og var Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins strax kallað út.

Um tíma var óttast að bærinn Esjuberg væri í hættu en slökkviliði, lögreglu og liðsmönnum björgunarsveita, tókst að koma í veg fyrir að eldur bærist að bænum. Talið er að eldurinn hafi kviknað

af mannavöldum en ekki er vitað hverjir voru að verki.

Ágúst Svansson, aðalvarðstjóri hjá lögreglu í Reykjavík, sagði slökkvistarfar hafa gengið vel. „Með samstilltu átaki tókst okkur að ná tökum á eldinum og gekk slökkvistarfar vel eftir það. Vegurinn var opnaður fyrir umferð fljótlega í kjölfari.“

Björgunarsveitirnar Kyndill úr Mosfellsbæ og Kjölur af Kjalarnesi, aðstoðuðu lögreglu við að ná

tökum á eldinum. Lögreglan í Borgarnesi fylgdist í gær náið með á Mýrum í Borgarfirði vegna sinueldanna sem þar hafa geisad síðustu daga. Eldarnir tóku sig ekki upp í gærðag en lögregla og slökkviliði vöktuðu svæðið í nótt, því líklegt var talið að enn væri töluverður hiti í jarðveginum.

Miklar skemmdir hafa orðið á gróðri á Mýrum en ekki er búið að meta skemmdirnar nema að litlum hluta. -mh

**ATLANTSSKIP**  
-FLYTJA VÖRUR-  
591 3000




# Það tók okkur 2 ár að finna draumalandið en aðeins 30 mínútur að fjármagna kaupin

Það er bara einn þeirra fjölmörgu kosta sem ég nýt í Vörðunni.

Það hefur sannarlega sína kosti að vera í Vörðunni, vildarþjónustu Landsbankans. Við berum traust til viðskiptavina okkar og leyfum þeim að njóta ávinnings af því með fyrirgreiðslu og auknum sveigjanleika til að haga lífi sínu að vild.

Það gerum við meðal annars með því að auðvelda Vörðufélögum lántöku á betri kjörum.



**Landsbankinn**  
Banki allra landsmanna

410 4000 | [landsbanki.is](http://landsbanki.is)

Njóttu þess að vera í Vörðunni





## Hávaxtareikningar

### Verðtryggðir reikningar

SPRON Víðbót 4,10%-4,50%

SPRON Áskrift 4,00%

SPRON Framtíð 4,80%

### Óverðtryggðir reikningar

SPRON PM 9,00%-10,00%

SPRON Vaxtavelta 9,15%

SPRON Vaxtabót 8,80%-10,80%

ARGUS 06-0195

# Háir vextir og mikið öryggi fara saman hjá SPRON!

Innlánsreikningar SPRON eru hugsaðir fyrir einstaklinga og fyrirtæki sem vilja háa vexti og mikið öryggi, hvort sem það er til styttri eða lengri tíma.

Það eru ekki aðeins góð vaxtakjör sem SPRON hefur upp á að bjóða heldur gerist þjónustan ekki betri meðal banka og sparisjóða í Reykjavík og nágrenni, samanber Íslensku ánægjuvogina 2005.

### \* Frábært tilboð!

Þeir sem stofna Netreikningana SPRON Vaxtabót eða SPRON Víðbót á [www.spron.is](http://www.spron.is) fyrir 1. maí fá **10% vaxtaálag** á greidda vexti um næstu áramót.

Upplýsingar í síma 550 1400 eða á [www.spron.is](http://www.spron.is)

 **spron**  
– frelsi í bankaviðskiptum





## Frumkvæði, færni, forysta

Nemendur úr útskriftarhópi MBA námsins í Háskóla Íslands 2006 horfa björtum augum til framtíðar reiðubúnir til forystu. Með MBA gráðu í farteskinu opnast þeim ný og spennandi tækifæri í atvinnulífinu.

MBA nám við Háskóla Íslands er hagnýtt og vandað stjórnunar- og viðskiptafræðinám á meistarastigi.

- Náminu er ætlað að auka verulega þekkingu, færni og frumkvæði þátttakenda.
- Sérstaða námsins er fólgin í aðlögun þess og tengingu við íslenskt atvinnulíf, t.d. við nálgun viðfangsefna, umræðu í tímum, verkefnavinnu og með fyrirtækjaheimsóknum.
- MBA námið er sambærilegt við MBA nám erlendis og þróað með hliðsjón af alþjóðlegum viðmiðum.

Nýr MBA hópur, 2006-2008, mun hefja nám í september 2006.

**Kynningarfundur um MBA námið** verður haldinn þriðjudaginn 4. apríl, í Námunni, húsi Endurmenntunar HÍ, Dunhaga 7.

**Umsóknarfrestur** er til 2. maí nk.

Nánari upplýsingar eru á [www.mba.is](http://www.mba.is)



Viðskipta- og hagfræðideild  
Háskóla Íslands





# Gjöfin vex í pakknum

5.000 kr. verða 7.000 kr.

Vildarviðskiptavinur Sparisjóðsins sem gefur fermingarbarni 5.000 króna gjafabréf í Framtíðarsjóð Sparisjóðsins eða meira fær 2.000 króna viðbót við gjöfina frá Sparisjóðnum. Gefðu gjöf sem stækkar í pakknum!

## Framtíðarsjóður

- Ber hæstu vexti almennra innlánsreikninga
- Engin lágmarksinnborgun
- Verðtryggður
- Bundinn til 18 ára aldurs
- Kjör haldast óbreytt þótt innstæða sé ekki tekin út við 18 ára aldur

Kíktu á spar.is og reiknaðu út ávöxtun á sparnaði í Framtíðarsjóði Sparisjóðsins.



**SPARISJÓÐURINN**  
– fyrir framtíðina

Danski þingmaðurinn og músliminn Naser Khader:

## Dauðahótanir virka hvetjandi

**DANMÖRK** Naser Khader þingmaður Róttæka flokksins á danska þinginu stefnir á að verða ráðherra innflytjendamála.

Segist hann hafa sett sér þetta markmið í kjölfar þeirra fjölda dauðahótana sem honum hafa borist. Einnig vógu ummæli múslimprestans Ahmeds Akkari um að sprengja þyrfti Khader í loft upp verði hann innflytjendaráðherra þungt.

Þetta kom fram í viðtali Berlingske tidende við þingmanninn í gær. Khader, sem er múslimi segir nauðsynlegt að múslimar og aðrir innflytjendur aðlagist betur dönsku samfélagi. Hann

telur stefnu ríkisstjórnarinnar í málefnum innflytjenda ekki líklega til árangurs enda einkennist hún helst af gagnrýni í garð þeirra.

Naser Khader hefur verið áberandi í innflytjenduræðunni í Danmörku síðustu ár og beitti hann sér fyrir stofnun samtaka lýðræðissinnaðra múslima í landinu fyrir á árinu. En samtökin hafa gagnrýnt mótmæli trúbræðra sinna vegna Múhameðs-teikninganna.

Fylgi við Róttæka, flokk Khaders, hefur aukist töluvert samkvæmt síðustu skóðanakönnunum í Danmörku.



**NASER KHADER OG ANDERS FOGH RASMUSSEN** Khader vill verða ráðherra innflytjendamála þrátt fyrir morðhótanir.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

## Tímakaup ófaglærðra hefur lækkað mikið

Kaup erlendra, ófaglærðra verkamanna hefur lækkað um allt að þriðjung á einu ári. Fyrir ári var algengt tímakaup hátt í eitt þúsund krónur. Í dag nálgast það óðfluga lágmarkstaxtann sem er 650 krónur.

**VINNUMARKAÐUR** Tímakaup erlendra, ófaglærðra verkamanna hefur lækkað um allt að 30 prósent á einu ári. Fyrir ári var algengt tímakaup á bilinu 800-1.000 krónur. Í dag er það 650-680 krónur.

Þetta er mat Guðmundar Þ. Jónssonar, varaformanns Eflingar, og byggist á launum sem gefin eru upp í umsóknum um atvinnuleyfi sem berast Eflingu en atvinnurekendur þurfa að sækja um atvinnuleyfi til stéttarfélaganna.

Í byggingariðnaði og verklegum framkvæmdum er algengt að ráða erlenda menn til landsins sem verkamenn, þótt þeir hafi iðnréttindi. Þeir ganga svo oft í öll verk og starfa jafnvel í rauninni sem iðnaðarmenn.

Lágmarkstaxtinn fyrir almennan byggingaverkamann er um 640 krónur á tímann og ófaglærðir verkamenn fá um 659 krónur á tímann eftir



**VERKAMENN AÐ STÓRFUM** Forystumenn Eflingar hafa fundið fyrir tilhneigingu til að lækka tímakaup ófaglærðara á síðustu misserum.



**GUÐMUNDUR Þ. JÓNSSON**

fimm ára starf. Þetta er samkvæmt taxta. Menn sem fá það tímakaup eru algjörir byrjendur í starfi.

Menn, sem hafa iðnréttindi á einhverju sviði í heimalandinu, eiga í rauninni að vera á hærra taxta-kaupi. Þá má líka benda á að ófaglærðir Íslendingar hafa verið með 800-1.000 krónur á tímann en Guðmundur segir að sú tala hafi líka farið lækkanði.

„Á einu og hálfu ári höfum við fundið fyrir tilhneigingu til að lækka tímakaupið. Það er tilfinning okkar að fyrirtæki sem hafa borgað sæmilegt kaup séu farin að elta þau sem borga lágt tímakaup og lækka kaupið hjá sér. Þetta segir okkur meðal annars það að það er nóg framboð af fólki,“ segir Guðmundur.

Atvinnurekendur sem ætla að sækja um atvinnuleyfi fyrir ófaglærðar verkamenn sækja um hjá Eflingu stéttarfélagi. Guðmundur segir að umsóknunum hafi fjölgað töluvert síðustu misseri en hafi verið að jafnaði um hundrað á viku frá því snemma á síðasta ári.

Langflestar eru umsóknirnar nýjar en þó eru nokkrar vegna endurnýjunar og framlengingar fyrir fólk sem þegar er starfandi hér á landi. „Við teljum að fólk hljóti að yfirgefa landið á móti. Það er útilokað að þenslan sé svo mikil að það sé hægt að bæta við 100 starfsmönnum á viku,“ segir Guðmundur.

ghs@frettabladid.is



**LÍFEYRISSJÓÐUR VERZLUNARMANNA**  
1956-2006 vöxtur og velgengni í 50 ár

## Ársfundur 2006

Ársfundur Lífeyrissjóðs verzlunarmanna verður haldinn mánudaginn 3. apríl 2006 kl. 17 í Hvammi á Grand Hótel.

### Dagskrá fundarins:

1. Venjuleg ársfundarstörf.
2. Önnur mál.

Sjóðfélagar og lífeyrisþegar sjóðsins eiga rétt til setu á ársfundinum. Fundargögn verða afhent á fundarstað.

Reykjavík 3. mars 2006  
Stjórn Lífeyrissjóðs verzlunarmanna

Sími: 580 4000 • Myndsendir: 580 4099 • Netfang: skrifstofa@live.is



# Málum fyrir Páska

Hjá Múrbúðinni færðu gæðamálningu á verði sem slær öll met.



100%  
AKRÝL

10 lítrar  
DEKACRYL7  
Innimálning

Allir litir

Kr. 2.679,-



100%  
AKRÝL

DEKAPRO 10  
Innimálning

10 lítrar

Kr. 3.194,-



100%  
AKRÝL

10 lítrar  
DEKAPRO 02  
Loftamálning

Kr. 2.394,-



10 lítrar

DEKATAK  
Multigrunnur

Kr. 2.250,-



100%  
AKRÝL

4 lítrar

DEKAPRO 20  
Innimálning

Kr. 1.942,-



1 líter

Masterlack  
Lakkmálning

Kr. 799,-



28 kg

DEKAROCK  
Samskeytaspartl

Kr. 1.390,-



SPECTER  
bakki og rúlla

Kr. 499,-



3 lítrar

Dalapro spartl

Kr. 795,-

Kítti

Kr. 175,-

Málningarlímband

Kr. 224,-

Múrbúðin hefur ekkert að fela og auglýsir allar vörur með verði en ekki aðeins afsláttarprósentum.  
Gerð samanburð á verði og gæðum



## MÚRBÚÐIN

Byggingavöruverslunin í Árbænum

Klethálsi 7 · Sími: 544-5470 · sala@murbudin.is · www.murbudin.is

LÆKKUM  
VERÐIÐ Á  
BYGGINGA-  
VÖRUM

# Kvöldsprenghja

Í kvöld frá 19-21 bjóðum við þetta vinnuborð með 48% afslætti


Gildir aðeins í verslun okkar Ögurhvarfi meðan birgðir endast.

19-21  
48%  
afsláttur



1.295  
~~2.495~~

Vinnuborð  
M/þvingum  
5079907



## Ný verslun Ögurhvarfi



Nú til nú....

mánudaga - föstudaga 9-21

laugardaga 9-18

sunnudaga 10-18



HÚSASMÍÐJAN  
...ekkert mál

Bankarnir töpuðu máli gegn ríkisskattstjóra fyrir héraðsdómi:

## Gert að afhenda upplýsingar

**DÓMSMÁL** „Niðurstaða þessa máls er afar góð og jákvætt hversu vel rökstuddur dómurinn er og greinilegt er að málið hefur verið vel ígrundað,“ segir Indriði H. Þorláksson ríkisskattstjóri.


Héraðsdómur Reykjavíkur dæmdi í gær að Landsbankanum, Glitni og KB banka bæri að afhenda ríkisskattstjóra allar upplýsingar um viðskipti með hlutabréf og aðila að viðskiptum með þau frá árinu 2003 en fjármálastofnanir hafa hingað til neitað að láta slík gögn af hendi. Var þagnarskylda gagnvart viðskiptavinum ástæða þessa en dómurinn komst að þeirri niðurstöðu að sú

skylda viki þegar skylt væri samkvæmt lögum að veita upplýsingar til aðila á borð við ríkisskattstjóra. Lögin væru skýr hvað þetta varðar.

Indriði átti síður von á því að málinu yrði áfrýjað til Hæstaréttar. „Dómurinn er það vel rökstuddur að ég á erfitt með að sjá tilgang í því nema menn vilji kaupa sér meiri tíma en þegar er orðinn.“

- aðe

**ÚR HÉRAÐSDÓMI** Bankarnir skulu veita ríkisskattstjóra aðgang að upplýsingum um hlutabréfakaup og aðila að þeim samkvæmt dómi. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



SILVIO BERLUSCONI Forsætisráðherra Ítalíu í sjónvarpsþætti nú í vikunni.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Berlusconi farinn að örvænta um úrslit kosninganna um næstu helgi:

## Ber sig saman við Jesú Krist

**ÍTALÍA, AP** Silvio Berlusconi er ríkasti maður Ítalíu og hefur verið forsætisráðherra langlífustu ríkisstjórnar landsins frá seinni heimsstyrjöld.

Í skoðanakönnunum að undanfögnu hefur flokkabandalag hans fengið töluvert verri útkomu en bandalag vinstriflokkanna, og Berlusconi er hreint ekki kátur. Hann hefur brugðist illa við gagnrýni og engu er líkara en tilhugsunin um að tapa fylli hann örvæntingu.

Hann er þó ekki vanur því að spara stóru orðin og núna þegar kosningabaráttan er að ná hámarki hikar hann ekki við að líkja sér við helstu stórmenni sögunnar.

„Ég berst gegn kommúnisma með sama hætti og Churchill barðist gegn nasisma,“ sagði hann í hita leiksins til að leggja áherslu á hve mjög hann hatast við vinstrimenn.

Einnig hefur hann stært sig mjög af afrekum sínum síðustu

fimm árin. „Enginn annar en Napóleón hefur gert meira,“ sagði hann kotroskinn.

Þótt hann sé valdamesti maður landsins segist hann vera fórnarlamb ofsókna af hálfu vinstrimanna og fjölmiðla sem eru hallir undir vinstristefnu. Í kvöldverðarboði nýverið sagðist hann vera „Jesús Kristur stjórnmálanna,“ þolinmóður en fórnfús.

- gb



## Stofnfjárútboð SPRON

Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis býður út 2.828.000.000 nýja stofnfjárluti. Farið er með útboðið skv. reglum um almennt útboð verðbréfa, þótt núverandi stofnfjáreigendur eigi forgangsrétt til áskriftar að hinum nýju stofnfjárlutum. Útboðstímabilið er 7.-21. apríl 2006 og fellur áskrift í eindaga 28. apríl 2006. Verð hvers stofnfjárlutar er kr. 1,94084 og er heildarverðmæti útboðsins því kr. 5.488.695.520,-. Heildar-nafnverð stofnfjár fyrir hækkunina er kr. 2.172.000.000,- og verður eftir hækkunina kr. 5.000.000.000,- að því gefnu að allt seljist. Nafnverð nýrra stofnfjárbréfa er kr. 2.828.000.000,-.

Umsjónaraðili útboðsins er Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis og má nálgast útboðslýsingu ásamt viðauka sem gerður hefur verið við hana í tilefni þessa útboðs og önnur gögn sem útboðinu tengjast á heimasíðu sparisjóðsins, [www.spron.is](http://www.spron.is), og í útibúum hans.

Sparisjóðsstjórn

spron

Úrskurður í ágreiningsmáli Símans og Póst- og fjarskiptastofnunar:

# Síminn krefst tugmilljóna

**VIÐSKIPTI** Úrskurðarnefnd um fjarskipta- og póstmál hefur kveðið upp úrskurð í ágreiningsmáli Símans og Póst- og fjarskiptastofnunar.

Stóð ágreiningurinn aðallega um hvort telja skuli svokallaða innri veltu sem hluta af bókfærðri veltu félagsins.

Póst- og fjarskiptastofnun taldi innri veltu með í rekstrargjaldstofni og hækkaði þar með stofninn sem því nemur og kærði Símann þá ákvörðun í janúar síðastliðnum.

Úrskurðarnefndin komst að þeirri niðurstöðu að Póst- og fjar-



**BRYNJÓLFUR BJARNASON, FORSTJÓRI SÍMANS** Símann segir Póst- og fjarskiptastofnun hafa oftekið rekstrargjald af Símanum sem gæti numið tugum milljóna króna.

skiptastofnun hefði brotið gegn jafnræðisreglu stjórnarskrár Íslands, helstu meginreglum stjórnarsýslulaga og lögum sem gilda um Póst- og fjarskiptastofnun. Póst- og fjarskiptastofnun skuli leggja að nýju rekstrargjald á Símann hf. í samræmi við fyrir-mæli nefndarinnar.

Á heimasíðu Símans segir að niðurstöður málsins leiði enn fremur í ljós að Póst- og fjarskiptastofnun hafi oftekið rekstrargjald af Símanum sem gæti numið tugum milljóna króna sem Símann muni krefjast að fá endurgreiddar.

- hhs



**ASGRÍMUR HALLDÓRSSON** Nú styttist í að síldveiðifloti Íslendinga taki til við að veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum.

FRÉTTABLAÐIÐ/KRISTJÁN

Norsk-íslenska síldin:

## Veidum meira en ráðlagt er

**SJÁVARÚTVEGUR** Sjávarútvegsráðherra hefur ákveðið að íslenskum skipum verði heimilt að veiða tæpar 154.000 lestar af norsk-íslensku síld á þessu ári.

Samkvæmt þeirri skiptingu sem ríkti á meðan samningar voru í gildi um stjórn veiða úr stofninum hefðu Íslendingar mátt veiða tæpar 114.000 lestar eða 15,54 prósent. Íslendingar veiða meira nú vegna þess að samningar nást ekki við Norðmenn um að halda stjórnuninni óbreyttri.

- shá

Jaruzelski hershöfðingi:

## Ákærður fyrir stjórnlagabrot

**PÓLLAND, AP** Wojciech Jaruzelski hershöfðingi, síðasti leiðtogi kommúnistastjórnarinnar í Póllandi, hefur verið ákærður fyrir að hafa sett á herlög til þess að auðvelda stjórninni að brjóta á bak aftur lýðræðisbaráttu fjölda-hreyfingarinnar Solidarnosc.

Sérstök stofnun, sem hefur með höndum rannsókn á glæpum kommúnistatímans, segir að Jaruzelski hafi brotið stjórnarskrá landsins þegar hann hóf aðgerðir gegn Solidarnosc þann 13. desember árið 1981.

- gb



ÍBÚÐALÁNASJÓÐUR.

Vextir Íbúðalánasjóðs hækka:

## Vextir fara í 4,85 prósent




**VIÐSKIPTI** Íbúðalánasjóður hefur hækkað útlánsvexti á íbúðabréfum úr 4,65 í 4,85 prósent í kjölfar útboðs á íbúðabréfum.




Alls bærust tilboð að nafnvirði 8,4 milljarðar króna í annan áfanga útboðsins á árinu og var ákveðið að taka tilboðum í íbúðabréf að nafnvirði 3,7 milljarðar króna.


Vaxtaákvörðun Íbúðalánasjóðs byggir því á ávöxtunarkröfu í útboði íbúðabréfa sem haldið var 31. mars, ásamt vegnum fjármagnskostnaði uppgreiðslna ÍLS-veðbréfa. Vegnir vextir í útboði íbúðabréfa og uppgreiddra ÍLS-veðbréfa eru 4,27 prósent.

- jab

# Við komum til þín!








## Lýsing opnar á Akureyri!

Nú getum við veitt norðlenskum fyrirtækjum og einstaklingum enn betri þjónustu og ráðgjöf við fjármögnun atvinnutækja, atvinnuhúsnæðis og bifreiða. Skrifstofa Lýsingar er við Glerárgötu 24 - 26, opnunartími er frá kl. 9-16. Verið velkomin að lita við hjá okkur í kaffi og ræða málin.



**LÝSING**  
Fjármögnun í takt við þínar þarfir

Suðurlandsbraut 22  
108 Reykjavík

Glerárgötu 24-26  
600 Akureyri

Sími 540 1500 Fax 540 1505  
[www.lysing.is](http://www.lysing.is)

## Palomino fellihýsi

-sérhönnuð fyrir íslenskar aðstæður

Kynntu þér nýja bremsukerfið!



**GLITNIR**

Palomino Colt  
Verð 979.800.-  
Útborgun 195.960.-  
Mánaðargreiðsla 11.985.-  
\*miðast við 84 mán.



SEGLAGERÐIN ÆGIR

www.seglagerdin.is Eyjarslóð 5, sími 511 2200

## „ORÐRÉTT“

Besta hugmynd  
helgarinnar

„Hvernig væri að hætta að tönlast sífellt á nafninu Landspítali - háskólasjúkrahús. Er ekki gamla góða nafnið Landspítali nógu gott?“

MAGNÚS SKÚLASON ARKITEKT Í LOK GREINAR Í MORGUNBLAÐINU UM SKIPULAGSMÁL.

Enda við Bandaríkja-  
menn að eiga

„Það virðist ekki hvarfla að íslenskum stjórnmálum að hafa frumkvæði að lausn þessa máls.“

STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON, FORMADUR VG, UM VARNARMÁLAVIÐRÆÐURNAR. FRÉTTABLAÐIÐ.

nær og fjær  
**tilveran**

HVAD ER AÐ FRÉTTA? STEFÁN HERMANSSON, FRAMKVÆMDASTJÓRI AUSTURHAFNAR-TR

## Fermingarvertíðin hafin

„Ég er ansi upptekinn af mínu starfi við Tónlistarhúsið þessa stundina,“ segir Stefán Hermannsson, framkvæmdastjóri Austurhafnar-TR, sem gaf sér þó tíma til þess að fara í fermingarveislu í gær. Nú er einmitt fermingavertíð ársins nýhafin og segist Stefán að hann muni fara í þrjár til fjórar slíkar veislur í þessum mánuði enda eru langflestar fermingarveislur ársins haldnar í kringum páskahátíðina sem nú fer brátt í hönd. Aðspurður segist Stefán hafa ágætlega gaman af fermingarveislum og hafði að minnsta kosti náð að belgja sig nokkuð út af mat í þessari ákveðnu veislu.

Strangir vinnudagar eru hins vegar fram undan hjá Stefáni. „Á morgun byrja vinnufundir með útvöldum arkitektum og verkfræðingum. Annað sem er einnig á döfinni er aðalfundur hjá Austurhöfn-TR á miðvikudaginn. Þannig að það er nokkuð þétt dagskrá næstu daganna.“ Stefán

segist ánægður með samninga síðasta mánaðar og er gríðarlega sáttur með að allir séu loks farnir að róa í sömu áttina en í byrjun síðasta mánaðar náðust loks samningar um byggingu og fjármögnun tónlistar- og ráðstefnuhúsis í Reykjavík. Í vikunni voru einnig birtar niðurstöður könnunar Fréttablaðsins þess efnis að 83 prósent þeirra Reykvíkinga sem tóku afstöðu telja að tónlistar- og ráðstefnuhúsið muni efla miðborg Reykjavíkur.

Stefán segir að eftir mikla vinnu í vetur fari hlutirnir aðeins að róast hjá honum. „Einhvern tíma í sumar vonast ég til þess að geta tekið mér frí, sem ég gerði ekki í fyrra,“ segir Stefán að lokum en áætlað er að byggingu hins stórglæsilega tónlistar- og ráðstefnuhúss ljúki árið 2009 en samengt húsinu verður einnig reist 250 herbergja hótél.



Stefán Hermannsson verkfræðingur



VESTRARRÍKI Á HÉRADI Kannski Ísland sé aldrei jafn fagurt og í sönnum vetrarþúningi sínum. Myndirnar voru teknar í Fljótdalshéraði á dögumum. MYND/HARALDUR BJARNASON

Nýtt afl sterk-  
ast allra flokka

Lýðræðisflokkurinn Nýtt afl er vinsælasti stjórnmálaflokkur landsins, ef marka má skoðanakönnun á vefsetri



JÓN MAGNÚSSON lögmaður, útvarpsmaður og stjórnmálamaður.

Útvarps Sögu. Nýtt afl nýtur stuðnings 43 prósent á þátttakenda, en þátttaka í könnuninni er öllum frjáls og geta menn greitt jafn mörg atkvæði og þeir vilja og nenna. Samfylkingin og Sjálfstæðisflokkur koma næst með 17 og 15 prósent fylgi, vinstri grænir hafa um 10 prósent en Framsókn og frjálslyndir minna.

Jón Magnússon lögmaður er formaður Nýs afls en hann stjórnar jafnframt morgunútvarpi Sögu tvo daga í viku. - bps



SIGRÍÐUR DÓRA SVERRISDÓTTIR Hefur mest séð 27 leiksýningar á einu leikári. Flest bendir til að hún sjái „aðeins“ 22 sýningar á þessu leikári. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

Fór á þrjár leik-  
sýningar í gær

Sigríður Dóra Sverrisdóttir menningarfrömuður á Vopnafirði brá sér á sex leiksýningar í fimm daga leikhúsfærð til Reykjavíkur. Met hennar - tíu sýningar á sjö dögum - stendur óhaggað.

Leikhúsið er ást og yndi Sigríðar Dóru. Henni finnst fátt skemmtilegra en að horfa á góða leiksyningu og leggur talsvert á sig til að sjá þær sem flestar. Reglulega fer hún í ferðalög til höfuðborgarinnar og gerir þá helst ekki annað en að fara í leikhús og sofa. Leikhúsfærðin nú hófst á miðvikudagskvöldið með skólasýningu Menntaskólans við Hamrahlið og lauk í gærkvöldi á sýningu Þjóðleikhússins á Átta konum. Raunar fór gærdagurinn gjörvallur í leikhús því klukkan hálf tvö sá hún Hafíð bláa og svo Pétur Gaut klukkan fimm. Á laugardag sá hún Forðist okkur og föstudagskvöldinu varði hún í Íslensku óperunni á óperettu Söngskólanema. Á fimmtudagskvöldið fór hún á kaffihús því þá var ekkert á fjölnum sem hún hafði ekki séð.

„Ég veit ekki almennilega hvernig stendur á þessum leikhúshuga mínum. Kannski hann sé eitthvað dulinn,“ segir Sigríður Dóra. „Ég tók þátt í skólasýningum sem barn í Oddeyrarskóla á Akureyri en hef í seinni tíð ekki haft áhuga eða þörf á að standa sjálf á

sviði.“ Hún hefur reyndar mjög almennan menningaráhuga, til dæmis á mynd- og tónlist, og telur hugsanlegt að þar sem svo margt sameinist í leiklistinni heilli hún jafn mikið og raun ber vitni.

Þó að Sigríður Dóra hafi séð sex sýningar í þessu kastinu stendur met hennar frá því fyrir þremur árum óhaggað. „Þá sá ég tíu sýningar á sjö dögum,“ segir hún og ljómar við endurminninguna. Og þótt hún hafi séð heila 21 sýningu á þessu leikári er útlit fyrir að met hennar frá síðasta leikári standi líka óhaggað. „Þá sá ég 27 sýningar. Ég fer reyndar á Litlu hryllingsbúðina á Akureyri 21. apríl og verð þá komin upp í 22 sýningar á leikárinu. Ég efast því um að ég setji nýtt persónulegt met en það er aldrei að vita,“ segir hún og brosir.

Pegar Sigríður Dóra er beðin um að nefna eftirminnilega leiksýningu koma þrjár upp í hugann. „Dagur vonar eftir Birgi Sigurðsson var tímamótaverk. Það fjallaði um kynferðislegt ofbeldi sem maður vissi ekki hvað var á þeim tíma. Það var auðvitað til en ekkert um það rætt.“ Hún nefnir líka Veisluna sem að hennar sögn var afburðasýning og Þetta er allt að koma.

Ólíkt sumum leikhúsgestum hefur Sigríður Dóra aldrei nokkurn tíma fundið hjá sér þörf fyrir að ganga út af miðri sýningu. „Kannski ég sé bara svona vitlaus eða óþroskuð að ég geri ekki meiri kröfur,“ segir hún hlægjandi, sæl og glöð.

bjorn@frettbladid.is



HAFÍÐ BLÁA Ein þeirra þriggja leiksýninga sem Sigríður Dóra sá í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

NISSAN PATROL

ENDIST  
ENDALAUST

Breyting frá Arctic Trucks

Rúmgóður og áreiðanlegur vinnubjarkur sem hefur sýnt og sannað að hann á heima á Íslandi. Nissan Patrol er einfaldlega alvöru jeppi fyrir alvöru fólk!

Líttu inn og sjáðu alvöru jeppa!

Verðið á Nissan Patrol er frá 4.170.000 kr.

Ingvar Helgason

Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is

Opíð: Mán - fös kl. 9-18 og lau kl. 12-16



Skrifstofu- og hljómtækjudeild Ormsson er flutt í **Síðumúla 9**

# ORMSSON

SÍÐUMÚLA 8 SÍMI 530 2800 / SMÁRALIND SÍMI 530 2900  
HAFNARGÖTU 25 (**áður Ljósboginn**) KEFLAVÍK SÍMI 421 1535

# Stærsti framleiðandinn

mesta úrvalið – og gæðin frá **SAMSUNG**



**Háskerpu LCD vegg sjónvarp**  
Valið besta LCD sjónvarpið 2005-2006  
6,4 milljarðar lita  
Svartími 8 m.s.  
Skerpa 5000:1  
Upplausn 1366X768



**SAMSUNG**

**LE-40M61BX**  
40" LCD sjónvarp  
Verð: **389.900,-**

**LE-32M61BX**  
32" LCD sjónvarp  
Verð: **229.900,-**

Háskerpusjónvarp (HDTV)  
Upplausn: 1366 x 768  
3,2 milljarðar lita  
Svartími 8 m.s.  
Skerpa: 3000:1  
Birta: 500 cd/m2  
DNle myndleiðrétting  
170° sjónarhorn  
SRS TruSurround  
XT hljóðkerfi  
1000 síðna textavarpssmíni



imago

**SAMSUNG**

**LE-46M51B**  
46" LCD sjónvarp  
Verð: **449.900,-**

**LE-40M51B**  
40" LCD sjónvarp  
Verð: **329.900,-**

**LE-32M51B**  
32" LCD sjónvarp  
Verð: **199.900,-**

Háskerpusjónvarp (HDTV)  
Upplausn: 1366 x 768  
3,2 milljarðar lita  
Svartími 8 m.s.  
Skerpa: 3000:1  
Birta: 500 cd/m2  
DNle myndleiðrétting  
170° sjónarhorn  
SRS TruSurround  
XT hljóðkerfi  
1000 síðna textavarpssmíni



**SAMSUNG**

**LE-40R51B**  
40" LCD sjónvarp  
Verð: **249.900,-**

**LR-32R41B**  
32" LCD sjónvarp  
Verð: **179.900,-**

**LR-26R41B**  
26" LCD sjónvarp  
Verð: **129.900,-**

**LE-23R41B**  
23" LCD sjónvarp  
Verð: **96.900,-**

## Umboðsmenn:

**Suðurland:** Árvirkinn Selfossi og Eyjaradio Vestmannaeyjum.

**Reykjanes:** Ormsson, Keflavík.

**Vesturland:** Model Akranesi.

**Vestfirðir:** Pristur Ísafirði.

**Norðurland:** Bókaverslun Þórarins Stefánssonar Húsavík, Kaupfélag Skagfirðinga Sauðárkróki, SR Byggingavörur Siglufirði, Krákur Blönduósi og Verslunin Urð Raufarhöfn.

**Austurland:** Verslunin Vík Egilsstöðum, Reyðarfirði og Neskaupstað, HS Raf Eskifirði, Beint í Mark Vopnafirði

**RÁDIONAUST**  
Furuvöllum 5 • Sími 461 5000



# FERMINGARGJAFIR

PAKKFULL BÚÐ AF GRÆJUM Á GÓÐU VERÐI



**JVC UXS1** Spilar CD-R/RW

MÍKRÓSAMSTÆÐA með MP3 geislaspilara og 10w RMS magnara með Bass Boost, RDS útvarpi með stöðvaminnum, Auto Reverse segulbandi og fjarstýringu.

**VERÐ 14.990**

FRÁBÆRT VERÐ



**Lenco MDW3** Spilar DVD, DVD+R/RW, DVD-R/RW, CD, CD-R/RW, (S)VCD og MP3

MÍKRÓSAMSTÆÐA með fjölkerfa DVD SPILARA, Dolby Digital og DTS, NTSC afspilun yfir í PAL, útvarpi með 120 stöðvaminnum, 2 hátölurum og bassaboxi, Scart og RCA tengi, Digital Optical og Coaxial útgangi, Aux Inn, heyrnartólstengi, glerstandi og fjarstýringu.



**TILBOÐ 16.990**

FULLT VERÐ kr. 19.990

SPILAR MP3 DISKA



**JVC UXG3** Spilar CD-R/RW

MÍKRÓSAMSTÆÐA með MP3 geislaspilara og 50w RMS magnara, RDS útvarpi með stöðvaminnum, Aux tengi, Auto Reverse segulbandi og fjarstýringu.

**VERÐ 19.990**

FRÁBÆRT VERÐ



**PHILIPS FWM37**

Mini SAMSTÆÐA með 2x120w (2x60 RMS) MAX Sound magnara, 3ja diska geislaspilara með MP3 afspilun, RDS útvarpi með stöðvaminnum, forstilltum DSC tónjafnara, öflugum 3-way hátölurum og fjarstýringu.

**TILBOÐ 24.990**

FULLT VERÐ kr. 29.990

SPILAR MP3 DISKA



**PHILIPS MCD510** Spilar DVD, DVD+R/RW og (S)VCD Spilar CD, CD-R/RW, MP3/WMA, JPEG

2x50w MÍKRÓSAMSTÆÐA með fjölkerfa DVD spilara, Dolby Digital og DTS út, Digital Sound Control og Dynamic Bass Boost, útvarpi með stöðvaminnum, Component, SVHS og CVBS tengi, Digital Coaxial tengi, útgangi fyrir subwoofer, Aux, heyrnartólstengi, segulbandi, vönduðum viðarhátölurum og fjarstýringu.



**TILBOÐ 29.990**

FULLT VERÐ kr. 39.990

SPILAR MP3 DISKA



**PHILIPS MCM11**

2x150w MÍKRÓSAMSTÆÐA með MP3 geislaspilara, segulbandi og útvarpi með stöðvaminnum, D klasse stafrænum magnara, 2x150w, 2 way viðarhátölurum, klukku, vekjara og fjarstýringu.

**VERÐ 39.990**

FRÁBÆRT VERÐ

SPILAR MP3 DISKA

## HEIMABIÓSETT



SPILAR DVD, DVD+R/RW, DVD-R/RW, VCD, SVCD SPILAR CD, CD-R/RW, MP3/WMA OG JPEG

**PHILIPS HTS3300**

HEIMABIÓKERFI með fjölkerfa DVD spilara, 300w (4x40+2x70w RMS) Digital magnara, 5 litlum hátölurum og bassaboxi, 4x Video Upsampling, Dolby Digital, DTS og Dolby Pro Logic II, FM útvarpi með stöðvaminnum og fjarstýringu.

**TILBOÐ 19.990**

FULLT VERÐ kr. 29.990



Spilar DivX, DVD, DVD-R/RW, CD-R/RW, VCD/SVCD, MP3 og JPEG

HEIMABIÓKERFI með fjölkerfa DVD spilara, 5x52w magnara og 52w bassa, 5 litlum umhverfishátölurum og bassaboxi, Dolby Digital, DTS og Dolby Pro Logic II, NTSC afspilun á PAL sjónvarpi, RDS útvarpi með FM og 30 stöðvaminnum, SCART með RGB og fjarstýringu.

**TILBOÐ 24.990**

FULLT VERÐ kr. 29.990



Spilar DVD-Video/Audio, DVD-R/RW/RAM, CD-R/RW, VCD/SVCD, MP3/WMA, DivX, MPEG4 og JPEG

HEIMABIÓKERFI með fjölkerfa DivX DVD spilara, 3x140w og 3x130w Dolby Digital/DTS magnara, 5 umhverfishátölurum og bassaboxi, Progressive Scan, Dolby Pro Logic II, NTSC afspilun á PAL sjónvarpi, RDS FM útvarpi með stöðvaminnum, SCART með RGB og fjarstýringu.

**TILBOÐ 39.990**

FULLT VERÐ kr. 44.990



Spilar DVD, DVD+R/RW, DVD-R/RW og VCD/SVCD - Spilar CD, CD-R/RW, MP3/WMA og JPEG

**JVC QPD25DVD**

HEIMABIÓKERFI með fjölkerfa DivX DVD spilara og 5x60w magnara, Dolby Digital og DTS, Dolby Pro-Logic II, DVD-Multi Channel Audio, RDS útvarpi með 30 stöðvaminnum, 3 Optical in og optical út, coaxial in, 3 Video og SVHS inn- og 4 útgöngum, Digital Direct Progressive Scan, NTSC afspilun yfir í Pal, Scart (með RGB), RCA og Component (Y, Pb, Pr) tengi, Digital Coaxial tengi, 4 súlugófhátölurum og miðu, bassa með innbyggðum 60w magnara og fjarstýringu.

**VERÐ 69.990**

FRÁBÆRT VERÐ



**Dantax NEW CENTURY**

150w fram- og 100w miðu- og bakhátalarar.



**JVC RX5032** DOLBY DIGITAL

5x100w Dolby Digital DTS ÚTVARPSMAGNARI með Dolby Pro Logic II, 3D Phonic og All Ch. Stereó, RDS útvarpi með 30 stöðvaminnum, 5 hljóðinngöngum og 2 útgangar, 2 video inn- og útgöngum, Optical og Coaxial inngöngum og fjarstýringu.

**TILBOÐ 59.990**

FULLT VERÐ kr. 90.990



**JVC XVN212** DVD

Fjölkerfa DVD SPILARI.



1971 - 2006

# Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • [www.sm.is](http://www.sm.is)

UMBODSMENN UM LAND ALLT ► REYKJAVÍK/URSVAÐIÐ: Hagkaup, Smáralind. VESTURLAND: Hljómsýn, Akranesi, Samkaup, Borgarnesi, Blómsturvellir, Hellissandi. VESTFIRÐIR: Kaupfélag Steingrimsfjarðar, Drangnesi, Þrustur, Ísafirði. NORÐURLAND: KF Steingrimsfjarðar, Hólmavík. KF V. Húsvetninga, Hvammstanga, Krákur, Blönduósi, Skagfirðingabúð, Sauðárkrúki, Ljósjafinn, Akureyri, Öryggi, Húsavík. AUSTURLAND: KF Héraðsbúa, Egilsstöðum. Vörsulunin Vík, Neskaupsstað, Kauptún, Vopnafirði. KF Héraðsbúa, Seyðisfirði, Tumbraður, Seyðisfirði, Sparkaup, Faskrúðsfirði, Vörsulunin Vík, Reyðarfirði, Martólvan, Höfn Hornafirði. SUÐURLAND: Mosfell, Hellu, Fossmat, Selfossi, Rás, Þorlákshöfn, Geisli, Vestmannaeyjum, Binnnes, Vestmannaeyjum. REYKJANES: Tölvuspítalinn, Grindavík, Rafeindatækni, Keflavík, Rafagnavinnustofa Sigurðar Ingvarssonar, Garði, Rafmætti, Hafnarfirði.





# Til hamingju Ísland



Karla-kór Reykjavíkur stendur á tímamótum. Í 80 ár hefur kórinn sungið sig inn í hjörtu Íslendinga og gert margar söngperlur að þjóðareign. Áratugum saman hefur kórinn verið nokkurs konar vorboði. Í ár vorar óvenju snemma! Verið hjartanlega velkomin á vortónleika Karla-kórs Reykjavíkur í Langholtskirkju.

80  
ára

Á þessum vortónleikum er efnisskráin íslensk, norræn og miðevrópsk.

Stjórnandi: Friðrik S. Kristinsson

Einsöngur: Sigrún Hjálmtýsdóttir

Píanó: Anna Guðný Guðmundsdóttir.


sunnud. 2. apríl kl. 17.00 og 20.00

mánud. 3. apríl kl. 20.00

miðvikud. 5. apríl kl. 20.00

fimmtud. 6. apríl kl. 20.00

laugard. 8. apríl kl. 16.00



KARLAKÓR REYKJAVÍKUR 1926 - 2006





## TIL VARNAR HEIMILINU

Það verður æ algengara að fólk kjósi að koma upp heimavarnakerfi til að vernda sig og sína.

HÚS OFL. 4



# Allt fasteignir

ER ÞÍN EIGN AUGLÝST HÉR? MEST LESNA FASTEIGNABLAÐ LANDSINS

FRÉTTABLAÐIÐ

### FASTEIGNASÖLUR

Ás	10-12
Árborgir	34
Bífröst	30
Búseti	9
Draumahús	21-25
Fasteignastofan	28
Fasteignastofa Suðurn.	37
FMG fasteignasala	8
Foss	14
Gloria Casa	29
Hof	28
Húseign	32
Húsið	26
Höfði	6
Lundur	16
Lyngvík	15
Lögmenn Suðurlandi	33
Neteign	33
Nýtt	7
Perla investments	35
Remax	36
Remax Mjódd	13
Valhöll	18
Viðskiptahúsið	13



Gnipuheiði 2

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

### GÓÐAN DAG!

Í dag er mánudagurinn  
3. apríl, 93. dagur ársins  
2006.



Sólarupprás	Hádegi	Sólarlag
Reykjavík 6.39	13.31	20.25
Akureyri 6.20	13.16	20.13

Heimild: Almanak Háskólans

## Innbyggður bílsskúr og frábært útsýni

*Fasteignasalan Re/Max er með 249,9 fermetra tveggja hæða einbýlishús með innbyggðum bílsskúr í litlum botnlanga í Kópavogi til sölu.*

Gengið er inn á neðri hæð hússins í forstofu með innbyggðum skápum. Úr forstofu er gengið inn í hol og þaðan inn á gang með öðru holi, tveimur svefnherbergjum og baðherbergi. Baðherbergið er með flísum á gólfi og sturtuklefa. Sérinnangangur er í þetta rými og möguleiki á að útbúa þar séríbúð.

Úr holi er stigi upp á aðra hæð. Eldhús er með sprautulakkaðri innréttingu og flísum á gólfi. Stofa er parketlögð með mikilli loft-

hæð, halógenlýsingu og útgengi á stórar svalir. Við hlið stofu er sjónvarpshol en léttur veggur er á milli stofu og hols svo mögulegt er að stækka stofuna sem því nemur. Svefnherbergi á efri hæð eru tvö, barnaherbergi og hjónaherbergi. Baðherbergi er flísalagt í hól og gólf með stórum skáp undir vaski, handklæðaofni og nuddbaðkari. Þvottahús er flísalagt með vaski og skápum.

Innangengt er í bílsskúr úr forstofu og inn af honum er stórt svefnherbergi svo mögulegt er að útbúa þar litla stúdíóbúð.

Húsið er staðsett í suðurhlíðum Kópavogs og úr því er mikið og gott útsýni. Ásett verð er 69 milljónir.

### Fasteignamarkaðurinn líflegur

SÍÐASTA VÍKA VAR LÍFLEG Á FASTEIGNAMARKAÐNUM Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU EF MARKA MÁ SÖLUTÖLUR.

Í vikunni skiptu 214 eignir um eigendur á höfuðborgarsvæðinu. Þetta er meiri hreyfing en hefur verið en sé tekið mið af tólf síðustu vikum seldust um 172 eignir á viku. Aukning varð í öllum sveitarfélögum svæðisins að undanskildu Álftanesinu og Mosfellsbænum en þar voru engin viðskipti stunduð. Veltan í þessum viðskiptum var rúmlega 5 milljarðar á móti tæpum 4,5 milljörðum síðustu vikna.

Markaðurinn á Akureyri stóð í stað og fylgdi vikan meðaltalinu nokkuð náð. Sömu sögu er að segja frá

Árborg þar sem færri en dýrari eignir seldust. Veltan á Akureyri var 315 milljónir en 240 milljónir í Árborg.



Þrátt fyrir ágæta sölu á höfuðborgarsvæðinu var engin hreyfing á Álftanesi í vikunni.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



Smáauglýsingasími  
550 5000

Auglýsingasími Allt  
550 5880

Þú getur pantað  
smáauglýsingar á visir.is

# Við hjálpum þér að eignast draumaheimilið

## Fasteignalán

Kynntu þér kostina við fasteignalán Landsbankans. Fáðu ráðgjöf hjá sérfræðingum okkar og veldu leiðina sem hentar þér best. Með faglegri ráðgjöf og fjölbreyttum fasteignalánnum hjálpum við þér að eignast þitt draumaheimili. Hafðu samband í síma 410 4000 eða á fasteignathjonusta@landsbanki.is



Landsbankinn  
Banki allra landsmanna

410 4000 | landsbanki.is



Rekstrarverkfræðistofan  
**Annar hf.**  
Suðurlandsbr. 46 • Sími 568 1020 • Annar.is

Eignaskiptayfirlýsingar  
fyrir  
atvinnu- og íbúðahúsnæði

**Stigar & Handrið**  
Allar gerðir í tré, stáli og gleri  
Heldarlausnir og hagstæð verð  
Mátaka, hönnun og tekiþjónusta  
einseltið í verk, samþ. uppsetning af verk  
Fjöldi árangræma viðskiptavina  
Verð frá kr. 24.900,-  
Meis byggingarvörur  
Sími 567 1300 & 848 3215  
Lýngdaleið 3 - www.meis.is



**GLÓFAXI HF.**  
ÁRMÚLA 42 - SÍMI 553 4236

**BÍLSKÚRS OG IÐNAÐARHURÐIR**

- Hurðir til á lager
- Smíðað eftir máli
- Eldvarnarhurðir
- Öryggishurðir

**Svefn & heilsa**  
★★★★★  
www.svefn.is

**TRÉSTIGAR** LAGERVARA  
L-stigar, Cottage frá kr 68.000- Beinir stigar, Premium frá kr 19.900-  
Lúgustigar frá kr 19.900- Hringstigar, Saturn frá kr 95.000- Fura, beyki, Eik  
**STIGAR** **Stigalagerinn**  
**HANDRIÐ** www.stigalagerinn.is s:5641890

**GITARINN** Ópö: Mán-Fös: 10-18 Lau: 11-16  
FLJÓÐFÆRAVERSLUN  
**Da Capo**  
Þjóðlagagítar  
Poki, Stillitæki, Gitarneglur  
Verð Kr. **15.900,-**  
Verð áður: 20.590,-  
Stórhöfða 27 • Sími: 552-2125 • www.gitarinn.is • gitarinn@gitarinn.is

**AUGLÝSINGASÍMI**  
**550 5000**  
**FRÉTTABLAÐIÐ**



Skarphéðinn Skarphéðinsson er formaður Félags pípulagningameistara.

# Gott að hafa gólfhita

*Algennt er að í nýjum húsum séu lagðar hitaleiðslur í öll gólf í stað þess að notast við hefðbundið ofnakerfi. Eigendur eldri húsa eru einnig farnir að skipta gamla ofnakerfinu út fyrir gólfhitalagnir í auknum mæli.*

Skarphéðinn Skarphéðinsson formaður Félags pípulagningameistara segir að ýmsar leiðir megja fara við að leggja hita í gólf í eldri húsum. „Þegar skipta á gamla hitakerfinu út fyrir hitalagnir í gólfum þarf að byrja á því að kanna þröskulda og hvaða hæð fólk hefur frá gólfinu þegar búið er að fjarlægja gólfefni. Ef að hæðin er bara einn til tveir sentimetrar getur verið mjög erfitt að eiga við þetta og sumir hafa farið út í það að fræsa niður í gólfid til þess að geta komið fyrir rörum og fleytt svo yfir þau,“ segir Skarphéðinn.

Ef hæðin frá gólfi er nægileg eru ýmis gólfhitakerfi í boði sem þægilegt er að nota. „Hringás er til dæmis með mjög lágt kerfi sem heitir Flooré en það er þunnur dúkur með 12 millimetra rörum. Þetta hitakerfi er þannig að það er hægt að leggja parkett og flísar beint ofan á það án þess að fleyta fyrst. Dúkurinn er sniðinn saman eftir ákveðinni forskrift og svo er rörumum smellt ofan í og gólfefnið sett beint ofan á kerfið.“ Skarphéðinn segir að Fjoltækni og Tengi bjóði einnig upp á mjög góð gólfhitakerfi en til þess að nota þau þurfi hæðin frá gólfi að vera meiri en þegar Flooré-kerfið er notað.

Gólfhitakerfin eru þannig að hvert herbergi er með sjálfstætt hitakerfi. „Lögnin fer síðan í gegnum dyragættina í eina dreifikistu sem er gott að hafa einhvers staðar inni í þvottahúsi eða þar sem fer lítið fyrir henni og þar er hægt að stjórna hitanum.“

Skarphéðinn segir að sífellt fleiri séu farnir að notast við gólfhitakerfi. „Margir sem eru að endurnýja gömlu kerfin sín fara út í það að leggja gólfhitalagnir því það er ekki dýrara að leggja hitakerfi í gólfid heldur en að endurnýja gömlu ofnana. Með gólfhitakerfi má líka spara heita vatnið því vatnshitastigið er ekki nema svona 45 til 55 gráður og það er alltaf verið að keyra sama vatnið sem hitaveituvatninu er síðan blandað inn á. Sparnaðurinn getur því verið tölverður.“



Dúkurinn er lagður fyrst og rörin eru síðan sett ofan í hann.



Lagnir fara í eina dreifikistu þar sem stjórna má hitanum.



Gólfefni má leggja beint ofan á Flooré-hitakerfið.


**Guðmundur Óli Scheving**

SKRIFAR UM MEINDÝR OG MEINDÝRAVARNIR

## Húsflugan

Húsfluga (*Musca domestica*) telst til tvívængja en 85 þúsund tegundir tvívængja eru þekktar í heiminum í dag. 360 tegundir hafa fundist hér á landi. Húsflugan er útbreidd um allan heim og sökum aðlögunarhæfni er hún talin ein af fjórum hættulegustu meindýrunum sem lifa á jörðinni í dag.

Húsflugan er 5-8 mm að stærð. Hún verður kynþroska eftir 7-14 daga og verpir allt að 130 eggjum í varpi. Líftími hennar er frá 30 dögum til 5 mánaða.

Frambolur húsflugunnar er grár með svörtum langröndum og afturbolur er mógulur með flekkjum sem breyta um lit eftir því sem birtan fellur á hann. Ein langæðin í vængjum er krók-bogin. Augun eru dökkrauð. Lirfan er hvít eða gulleit og verður 11-13 mm að lengd. Hún er hálf-gagnsæ, gildust aftast en mjókkar fram.

Húsflugur hafa rana í stað munns sem sagnar næringuna upp. Þær hrækja fyrst mellingarsafa til að leysa upp efni í fæðu, saur eða sorpi. Þegar þær síðan setjast á matinn þinn eru þær að dreifa sýklum því um leið og þær fljúga upp, skíta þær þeim efnum sem þær sugu síðast en það gæti verið hundaskitur utan af



götunni eða eitthvað af öskuhaugunum. Húsflugan getur ferðast allt að 20 km frá þeim stað sem hún klekst út.

Talið er að á síðasta ári hafi 1,2 milljónir manna látist af völdum húsflugunnar. Flugan ber með sér bakteríur og sjúkdóma eins og mislinga, skarlatsótt, berkla tauga-veiki, svarta dauða, blóðkreppusótt, listeríu, campylobacter, salmonellu, cycospora, cryptosporidium, E.coli 057 og fleira.

Öruggasta ráðið og það besta er að láta meindýraeyði úða fyrir húsflugunni sem og öðrum flugum sem hrjá fólk. Best er að gera það þegar menn verða varir við húsfluguna strax á vorin til að stoppa varp hennar og næstu kynslóðar.

Fólk sem þarf að fá meindýraeyði skal óska eftir að fá að sjá starfsskrifteini gefið út af Umhverfisstofnun og athuga hvort meindýraeyðirinn hafi starfsleyfi frá viðkomandi sveitarfélagi. Ef viðkomandi er félagi í Félagi meindýraeyða þá er fagmaður á ferð.

Heimildir: *Upplýsingar og fróðleikur um meindýr og varnir*, 2004, University of Nebraska Lincoln.



Lesendum Fréttablaðsins er velkomið að senda fyrirspurn á netfangið [guðmunduroli@simnet.is](mailto:guðmunduroli@simnet.is).

# Fallegustu húsin

Þakklæðning sem getur ekki lekið!  
Ný framtíð engir naglar  
10 ára verksmiðjuábyrgð

**Umboðsaðili á Íslandi!**  
**Nova Iceland ehf**

Hamraborg 7      200-Kopavogur  
Sími 5172328      GSM 6931328  
[freysij@internet.is](mailto:freysij@internet.is)      [nova@internet.is](mailto:nova@internet.is)

# FJÖRIÐ BYRJAR á morgun

lagerútsala Betra Bak hefst á þriðjudaginn kl. 13:00 í Skeifunni 7

**30-70%  
Afsláttur**

## Í bústaðinn!

**Crown Heilsurúm**  
Verðdæmi 160x200 cm  
kr. 69.900,-  
~~áður kr. 95.948~~  
með botni og löppum



## Teppasett

Teppi - pífa - púði  
og tvö koddaver  
Verðdæmi Queen  
Frá kr. 12.900,-



## Apple náttborð

Eik, hnota og ljóst beyki  
Verð frá 19.900  
Allt að 40%  
afsláttur.



## Nú er rétti tíminn!

Stillanleg rúm á verði sem ekki hefur sést áður.

# Evíta

Full búð af fallegum vörum á betra verði. Gefðu heimilinu fallega gjöf



Hárpjónusta á frábæru verði, gerirð svo vel að panta tíma.

Hárgreiðsla og gjafavörur

Starmýri 2, 108 Rvík, s. 553-1900 www.evita.is

SPARKY PROFESSIONAL

– fyrir iðnaðar-manninn

**MÚRBÚÐIN**

Byggingavöruslunin í Árbænum

Kletthálsi 7 - Sími: 544-5470 - www.murbudin.is

AUGLÝSINGASÍMI

**550 5000**

FRÉTTABLAÐIÐ



Nýtt - glerpunkta festingar 50mm

Q-Railing - Engin rafsuða - einfalt og snyrtilegt! Inni og úti handrifa og stiga smíði, 304 og 316 ryðfrítt stál



ATLANTSKAUP

Upplýsingar á [www.atlantskaup.is](http://www.atlantskaup.is)

Atlantskaup ehf. Bæjarflöt 6, 112 Reykjavík S:533-3700.

Brautir - Glerveggir - Glerhurðir - Hert Gler



Járn og gler ehf - Skútuvogur 1h Barkarvogsmegin - S: 58 58 900 [www.jarnogler.is](http://www.jarnogler.is)

**Randall**  
AMPLIFIERS

Gítarmagnarar stórir og smáir.



**TÓNABÚÐIN**

Sunnuhlíð 12, 603 Akureyri s. 462-1215  
Skipholti 21, 105 Reykjavík s. 552-4515

tonabudin.is



Trausti Harðarson, forstöðumaður einstaklingssviðs Securitas.

## Til varnar heimilinu

Það verður æ algengara að fólk kjósi að koma upp heima-varnakerfi til að vernda sig og sína. Tvö stærstu fyrirtækin á öryggismarkaðnum, Securitas og Öryggismiðstöðin, bjóða bæði upp á slíka þjónustu en yfir 8.000 heimili njóta verndar þeirra.

Í heimavörn felst uppsetning þjófavarnakerfis, hreyfi- og hurðaskynjara, reykskynjara auk vatns- og gasskynjara sé þess óskað. Heimavörn er því ekki aðeins vörn gegn innbrotum heldur einnig tjóni af ýmsum völdum eins og til dæmis elds og vatns. Trausti Harðarson, forstöðumaður einstaklingssviðs Securitas, segir að mikil vakning eigi sér stað í þessum efnum. „Það sem við sjáum er að fólk er ekki lengur einungis að vernda plasmaskjáið og fínu málverkin,“ segir Trausti. „Heimilið er heilagt og fólk vill ekki að þar sé farið inn á skítugum skónum.“

Þjóðfélagið hefur á síðustu árum þróast í þá átt að heimili eru meira og minna auð frá níu til fimm því allir vinna úti eða eru í skóla. Stuttar utanlandsferðir verða sífellt tíðari og svo eru sumir sem búa meira og minna erlendis. „Þetta er vissulega ein af meginorsökum aukningar í heimavörnum. Þrátt fyrir það eru flestir þeir sem koma til okkar þeir sem hafa upplifað þessa vanhelgun heimilisins sem innbrot er eða séd hvaða áhrif innbrot eða tjón hefur á vin, vinnufélaga eða skyldmenni,“ segir Trausti.

Uppsetning heimavarnakerfis fer þannig fram að viskiptavinur hringir í öryggisfyrirtæki. Það sendir fulltrúa sinn á staðinn til að



Staðalbúnaður í heimavörn Securitas er stjórnstöð og stjórnbörð, hurðarnemi, reykskynjari, sírena og tveir hreyfiskynjari.

taka út húsnæðið og gefa góð ráð. Það er enginn uppsetningarkostnaður fyrir kerfið, aðeins mánaðarleg greiðsla og sé þess óskað að vörninni verði hætt er kerfið einfaldlega tekið niður aftur. Grunnpakki kostar um 5.000 krónur og svo getur fólk bætt við því sem það vill gegn gjaldi. Trausti segir að jafnvel hafi Securitas sett upp fingrafaraskanna svo fjölskyldumeðlimir þurfi aldrei að hafa áhyggjur af því að gleyma lykklum.

## STYRKI TIL MEISTARA- OG DOKTORSNÁMS

Þróunarsamvinnustofnun Íslands starfar á grundvelli laga nr. 43 frá 1981. Í lögum um stofnunina segir í 2. gr.: „Stofnunin skal vinna að samstarfi Íslands við þróunarlöndin. Markmið þess samstarfs skal vera að styðja viðleitni stjórnvalda í löndum þessum til að bæta efnahag þeirra og á þann veg eiga þátt í að tryggja félagslegar framfarir og stjórnálegg sjálfstæði þeirra á grundvelli sáttmála Sameinuðu þjóðanna.“ Aðalsamstarfslönd ÞSSÍ núna eru fjögur Afrikuríki: Namibía, Malawí, Mozambique og Úganda ásamt Sri Lanka í Asíu og Nicaragua í Mið-Ameríku.

Þróunarsamvinnustofnun Íslands auglýsir til umsóknar styrki til meistara- og doktorsnáms á starfssviði stofnunarinnar. Að þessu sinni verða veittir tveir styrkir til doktorsnáms og tveir til meistaranáms.

Hlutverk rannsóknarstyrkja Þróunarsamvinnustofnunar Íslands (ÞSSÍ) er að styrkja íslenska nemendur í meistara- og doktorsnámi við háskóla til rannsóknarverkefna er snerta starfssvið stofnunarinnar. Rannsóknarverkefni skal nema að minnsta kosti 30 einingum af náminu og einkum tengjast þróunarsamvinnu á eftirtöldum sviðum:

- Sjávarútvegi
- Jarðhita
- Fullorðinsfræðslu
- Heilbrigðismálasviði
- Uppbyggingu náms á háskólasviði
- Stefnu og straumum í þróunaraðstoð

Sérstakan forgang hafa verkefnaumsóknir, sem tengjast samstarfslöndum ÞSSÍ og/eða nýst geta stofnuninni í starfsemi hennar.

Í umsókn skal að gera grein fyrir tilgangi og markmiði rannsókna, framkvæmdalýsingu ásamt tíma- og kostnaðaráætlun, leiðbeinanda og við hvaða háskóla rannsókn verður unnin.

Styrkirnir skiptast í tvennt: annars vegar rannsóknarstyrki og hins vegar ferðakostnað. Reiknað er með að viðkomandi þurfi að kynna sér aðstæður í því landi sem rannsóknin miðar að.

Rannsóknarstyrkirnir nema að hámarki kr.540.000 fyrir meistaraverkefni og kr. 1.080.000 fyrir doktorsverkefni. Styrkir vegna ferðakostnaðar geta numið allt að kr.250.000 og greiðast gegn framvísun staðfestra ferðareikninga.

Umsókn skal senda inn til Rannsóknarþjónustu Háskóla Íslands, sem hefur umsjón með styrkjunum, á sérstöku eyðublaði, sem finna má á heimasíðunni <http://www.rthj.hi.is>  
**Umsóknarfrestur er til 6. maí 2006.**

Nánari upplýsingar fást hjá Rannsóknarþjónustu Háskólans, s. 525 4900, netfang: [rthj@hi.is](mailto:rthj@hi.is) og hjá Þróunarsamvinnustofnun Íslands, Þverholti 13, sími 545 8980.

Vefslóð Þróunarsamvinnustofnunar Íslands er: <http://www.iceida.is/index.html>

allt  
ferming

Alla þriðjudaga



Til Sölu

Smáauglýsingar af öllum gerðum.  
Allar mjög sjáanlegar og í góðu ástandi  
Uppl. í s. 550 5000

**FRÉTTABLAÐIÐ**

– smáauglýsingar sem allir sjá

## AUSTURBÆJARSKÓLI

Austurbæjarskóli tók til starfa haustið 1930 en á framkvæmdatímanum gekk hann undir nafninu Nýi barnaskólinn. Sigurður Guðmundsson húsameistari á heiðurinn að hönnun skólans en hann sá einnig um framkvæmdir. Það er merkilegt frá því að segja að Austurbæjarskóli var fyrsta húsið í Reykjavík sem hitað var upp með hitaveituvatni. Skólahúsnæðið og skólalóðin hafa á síðustu árum gengið í gegnum gagngerar endurbætur. Vilhjálmur Hjálmarsson arkitekt sér um verkið en hann hefur þurft að breyta húsinu svo það standist kröfur nútímans en jafnframt bera virðingu fyrir sögu þessa friðaða húss. Í janúar árið 2000 var tekin í notkun 320 fermetra viðbygging sunnan við skólann og er þá heildarflatarmál skólans 6.717 fermetrar.



DRAUMAHÚSIÐ MITT: ARI ALEXANDER KVIKMYNDAGERÐAMAÐUR

## Glerkassi á Þingvallavatni

Ari Alexander kvikmyndagerðamaður á sér all sérstakan draum þegar kemur að húsaferð. Hann vill búa í guðs-grænni náttúrunni og á stað sem margir hafa séð en fáir komið á. Hann vill búa úti í Nesey í miðju Þingvallavatni. „Ég var eitt sinn á ferð með góðu fólki á Þingvöllum og þá fékk ég eyjuna að gjöf frá ónefndri manneskju,“ segir Ari og hlær.

Húsið á heldur ekki að vera neinn sumarbústaður. Það á að vera risastór glerkassi með stórum svörtum strompi. „Strompurinn er til þess að hafa alvöru arin því það er svoltitíð mál að hita upp þennan glerkassa,“ segir Ari.


Ari ætlar ekki að búa einn í glerhóllinni því auðvitað myndi hans ektakvinna vera honum til halds og trausts. En það getur verið erfitt að búa á eyju þegar maður er mikið á ferðinni. Þess vegna sér Ari fyrir sér að myndarlegt sjóræningjaskip ferji hann og gesti hans að og frá landi þegar honum hentar. Skemmtilegur draumur og aldrei að vita nema við sjáum blaktandi sjóræningjafána rísa upp úr þokunni á Þingvallavatni.



Ara langar að búa í glerhýsi.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## SELDAR EIGNIR Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU\*



\*Þinglýstir kaupsamningar, heimild Fasteignamat ríkissins.



Íbúðaverð hefur hækkað mikið á síðustu árum.

## Íbúð er góð fjárfesting

Íbúðaverð á höfuðborgarsvæðinu hækkaði um 31 prósent árið 2005.

Á árinu 2005 hækkaði íbúðaverð á höfuðborgarsvæðinu um 31 prósent en hækkingin á árinu 2004 var 23,3 prósent, segir á vef Félags fasteignasala. Þar er greint frá því að mjög arðvænlegt hafi verið að fjárfesta í íbúðum á undanförunum árum.

Nokkuð hefur þó dregið úr hækkunum og búast má við mun minni hækkunum á þessu ári. Þess má þó geta að atvinnuástand er mjög gott og öll ytri skilyrði og almenn bjartsýni um góðar horfur fram undan. Því eru síður en svo teikn á lofti um lækkandi fasteignaverð eins og sumir hafa reynt að halda fram, segir enn fremur í frétt á [www.ff.is](http://www.ff.is).

**Stilling**  
-betrien bestir

# Bílavarahlutir

**THULE**  
SWEDEN

## Ferðabox



Ocean 1 / 360 lítrar



Apollo 1 / 350 lítrar



Ocean 6 / 330 lítrar



X1 / 450 lítrar



Spirit 82 / 480 lítrar

**NYTT**

**Stilling**  
Bílavarahlutir

ADALNÚMÉR · SÍMI 520 8000  
SKEIFUNNI 11 RVÍK · SÍMI 520 8001  
DRAUPNISGATA 1 AK · SÍMI 520 8002  
DALSHRAUNI 13 HFN · SÍMI 520 8003

SMÍÐJUVEGI 68 KÖP · SÍMI 520 8004  
BÍLDHÖFÐA 16 RVÍK · SÍMI 520 8005  
EYRARVEGI 29 SELF · SÍMI 520 8006  
[www.stilling.is](http://www.stilling.is)

# Fyrirtæki í samstarf við Heimili og skóla

Þrjú fyrirtæki hafa skuldbundið sig til að styðja við starfsemi Heimilis og skóla næstu þrjú árin. Sparisjóðirnir á Íslandi, Eymundsson og VÍS hafa skrifað undir samstarfssamning við félagið um samstarf við samtökin um að efla foreldrafraeðslu og forvarnir í skólum og á heimilum með þátttöku í ýmsum fræðslu- og forvarnarverkefnum. Heimili og skóli eru landssamtök foreldra á Íslandi sem hafa það að meginmarkmiði að efla foreldra og fjölskyldur í uppeldislutverki sínu, veita þeim stuðning og hvatningu til virkrar þátttöku í skólasamfélaginu og vera málsvari þeirra gagnvart stjórnvöldum í málefnum er varða skólasamfélagið.



HEIMILI OG SKÓLI Fær þrjú fyrirtæki í lið með sér sem styrkja starfsemi félagsins.

„Samningurinn markar tímamót í okkar starfsemi. Heimili og skóli hefur aldrei átt formlega

bakhjarla og skiptir máli að tryggja starfsemina næstu þrjú árin og fá hjálp fyrirtækjanna við

að gera hana enn öflugri,“ segir Elín Thorarensen, framkvæmdastjóri Heimilis og skóla. Stuðningurinn fer í starfsemi félagsins og þau verkefni sem það hefur unnið undanfarið. „Við erum að efla foreldrasamtök og svæðasamtök foreldra víðs vegar á landsbyggðinni og styrkurinn fer meðal annars í það verkefni. Einnig erum við með önnur verkefni sem snúa að því að upplýsa foreldra um þessi félög.“

Elín segir að í styrknum felist skýr skilaboð til samfélagsis um að fyrirtækin láti sig varða hagsmuni foreldra og barna í landinu. „Félagið verður fjórtán ára seinna á árinu og við teljum að þetta sé ákveðin viðurkenning á starfinu undanfarin ár.“ ■



FAGURLITABUR REGNBOGI Ris upp frá marmaraleikvanginum í Aþenu þar sem fyrstu ólympíuleikar nútímans voru haldnir árið 1896. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

## FÆDDUST PENNAN DAG



1367 Hinrik fjórði konungur Englands.



1715 John Hanson stjórnmaðamaður í Bandaríkjunum.



1783 Washington Irving rithöfundur.



1880 Otto Wieninger heimspekingur.



1913 Per Borten forsætisráðherra Noregs.



1924 Marlon Brando kvikmyndaleikari.



## Íranir gabba

Fyrsti apríl er fyrir flestum dagurinn þegar má blekkja og gabba vini og fjölskyldu. Í Íran eru hlutirnir þó ekki þannig því lygagadurinn þeirra er í dag, 3. apríl.

Dagurinn er kallaður „Sizdah bedar“ sem útleiggst „Þrettándi utandyra“ upp á íslensku. 3. apríl er nefnilega þrettándi dagur nýs árs samkvæmt persneska dagatalinu og boðar talan þrettán líka ógæfu þar í landi. Tilgangur gabbsins er að aðstoða fólk við að halda sig utandyra því þannig getur ógæfan ekki náð þeim.

Íslendingarnir geta því gert sér lítið fyrir, tileinkað sér íranska menningu og gabbað sína nánustu aftur í dag.

# SWYX®

## RÁÐSTEFNA - 4. APRÍL

Þann 4. apríl næstkomandi verður haldin ráðstefna um **Swyx IP símkerfi** á Grand Hótel í Reykjavík. Færir fyrirlesarar frá **Swyx** í Bretlandi halda kynningu á helstu möguleikum **Swyx IP (hreint IP / VoIP)** ásamt því að svara fyrirspurnum þeirra sem hafa áhuga á að hagræða í rekstri sínum með IP símkerfum.

Ráðstefnan verður tvískipt, fyrri hópur verður frá **10:00 til 12:00** en sá seinni frá **13:30 til 15:30**. Vinsamlegast takið fram við skráningu hvor tímasetningin hentar betur.

**EKKERT ÞÁTTTÖKUGJALD ER Á RÁÐSTEFNUNA**

Skráning fer fram á tölvupóstfangið [skraning@svar.is](mailto:skraning@svar.is) eða í síma **510-6000**. Eftirfarandi upplýsingar þurfa að koma fram við skráningu: **Nafn fyrirtækis, nafn tengiliðs og fjöldi þátttakenda.**

## HVAÐ ER SWYX®

**Swyx** hefur á síðustu árum orðið leiðandi í þróun og innleiðingu á IP símkerfum fyrir lítil sem stór fyrirtæki sem vilja nýta sér nýjustu símatækni sér til hagræðingar, bæði fjárhagslega og til að ná fram tímasparnaði.

Með tilkomu alvöru IP símkerfis breytist grunnhugsunin í símamálum fyrirtækja og öll umsýsla verður auðveldari. **Swyx** viðmótið er byggt upp á Windows gluggaumhverfinu sem allir þekkja og tekur því notanda litla stund að tileinka sér og nýta fjölmarga möguleika **Swyx** símkerfisins.

## SWYX IP SÍMKERFI

henta sérstaklega vel fyrirtækjum sem eru með starfstöðvar á fleiri en einum stað, eru með starfsmenn sem vinna heima við eða eru mikið á faraldsfæti þar sem öll samskipti fara fram á IP kerfinu og eru þar með kostnaðarlaus. Einnig felst mikill tímasparnaður í því skipulagi á tengiliðum sem Swyx býður upp á fyrir starfsmenn sem nota símann mikið. Athygli vekur að með **Swyx** símkerfunum er enginn heyranlegur munur á hljómgæðum hvort sem hringt er yfir hefðbundnar símalínur eða IP kerfi sé notað.

við framleiðum:

einbýlishús  
parhús  
sumarhús

[www.nytthus.is](http://www.nytthus.is)



## Vodafone live!



Hringtónar



Fréttir og lípróttir



Leikir



Skemmtun

## Heitustu hringtónarnir

- » Silvía Nótt
- » Hjalmar
- » Bubbi
- » Ampop
- » Black Eyed Peas
- » Í svörtum fötum
- » Eminem
- » Sálín
- » Beyonce
- » Madonna

ÍSLENSKA AÐGÆTISINGASTOFNANNAKJÓR 2006



Motorola. ÚTSEÐU!

og

vodafone

Heyrumst!

Komdu í verslun Og Vodafone, hringdu í 1414 eða smelltu þér á [www.ogvodafone.is](http://www.ogvodafone.is) fyrir nánari upplýsingar.

## STUÐ MILLI STRÍÐA Nafnið er ekkert grín

FREYR GÍGJA GUNNARSSON: SKILUR EKKERT Í DÖNUM



Danir vilja ekki lengur heita Hansen, Jensen eða þar fram eftir götunum. Þeir vilja heita tiskunöfnum.

Nota þessi „gömlu og góðu“ nöfn sem einhvers konar millinöfn.

Mannanafnanefnd Danmerkur hefur víst þá einu reglu til hljóðsjónar að tvö þúsund baunverjar verði að bera sama nafnið til að það teljist gott og gilt.

Nafngiftir á Íslandi verða með reglulegu millibili að þrætuepli og foreldrar skilja ekki af hverju ein-

hverjar skrifstofublækur hafi rétt til að segja hvað sé við hæfi þegar skrá á barnið í þjóðskrá. Sjálfur var ég skírður Freyr. Nafnið er fengið að láni úr norrænni goðatrú en nafni minn var frjósemisgud. Sá um að akrarnir væru frjósamir svo mannfólkið dæi ekki úr hungri. Mér dettur ekki í hug að breyta föðurnafninu í millinafn enda stoltur Gunnarsson. Hef meira að segja safnað yfirvaraskeggi til heiðurs fjölskyldunnar, en faðir minn hefur borið slíkt síðan ég man eftir mér.

Hins vegar hafa margir velt vöngum yfir millinafninu og ekki síst þegar ég var yngri. Einhverjir töldu mig vera skyldan þekktum fræðimanni að vestan en svo er nú ekki. Nafnið er fengið frá henni

ömmu minni. Hreinræktað stelpunafn. Því var víst smyglað inn í óþökk mannanafnanefndar og eftir að hafa ráðfært mig við lögfróða menn var mér tjáð að nafngift mín væri kolólögleg. Hún hefur engu að síður fengið að standa.

Nöfn eru ekki síður mikilvæg fyrir foreldra heldur en börn. Þau vilja að arftakinn beri nafn með rentu en mikilvægast er þó að hann verði ekki fyrir skaða vegna sérvisku foreldranna. Nafn manns er ekkert grín heldur fúlasta alvara og fylgir hverjum einstaklingi í gegnum allt lífið. Hins vegar skil ég ekkert í þessum Dönum sem vilja slíta tengslin við forföðurna og taka upp einhver tiskunöfn. Slíkt ber bara vott um hégóma.

## myndasögur

## Pondus

Eftir Frode Overli



## Gelgjan

Eftir Jerry Scott &amp; Jim Borgman



## Pú og pa

Eftir SÖB



## Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell



## Barnalán

Eftir Kirkman/Scott







"bak við böndin"  
Í KVÖLD KL. 20.30

# HEFST Í KVÖLD

Tónlistarunnendurnir Ellen og Erna slást í för með partýbandinu Gus Gus og allt er látið flakka. Hrár og hraður þáttur - í takt við tónlistina!

FYLGSTU MEÐ! [www.minnsirkus.is/bakvidbondintv](http://www.minnsirkus.is/bakvidbondintv)



"Afrek"-DV "Höfðar jafnt til barna sem fullorönnna" - Morgunblaðið "ákaflega falleg" - Fréttablaðið

## HAFIÐ BLÁA Í AUSTURBÆ

Sun 26.04 kl: 13.30

Miðapantanir í Austurbæ  
og á [midi.is](#).  
Miðasala Austurbæjar  
er opin milli  
13 - 17 alla daga  
sími : 551 4700



IsMedia



BJÓÐLEIKHÚSIÐ

### Bjóðleikhúsið – leikhúsið þitt!

STÓRA SVIÐIÐ KL. 20.00

ÁTTA KONUR

4. sýn. fim. 6/4 örfá sæti laus, 5. sýn. fös. 7/4 örfá sæti laus, 6. sýn. lau. 8/4 örfá sæti laus, 7. sýn. mið. 19/4 síðasti vetrardagur nokkur sæti laus, 8. sýn. fim. 20/4, 9. sýn. fös. 21/4, 10. sýn. lau. 22/4.

SMÍÐAVERKSTÆÐIÐ KL. 20.00

ELDHÚS EFTIR MÁLI

Fim. 6/4 örfá sæti laus, fös. 7/4 örfá sæti laus, lau. 8/4 uppselt, mið. 19/4 síðasti vetrardagur, fim. 20/4, fös. 21/4. **Sýningum fer fækkandi.**

KASSINN KL. 20:00

PÉTUR GAUTUR

Pri. 4/4 uppselt, mið. 5/4 uppselt, fim. 6/4 uppselt, fös. 7/4 uppselt, lau. 8/4 uppselt, sun. 9/4 uppselt, fös. 21/4 uppselt, lau. 22/4 uppselt, sun. 23/4 uppselt, pri. 25/4 uppselt, mið. 26/4 uppselt, fim. 27/4 uppselt, fös. 28/4 uppselt, lau. 29/4 uppselt. **Aukásýningar í mai:** fös. 5/5 uppselt, lau. 6/5 uppselt, sun. 7/5 uppselt, lau. 13/5 uppselt.

LEIKHÚSKJALLARINN

**Jassklúbburinn Múlinn - Eirikur Orri og félagar.** Mið. 5/4 kl. 21:00  
**Leikhúskjallarinn - gerðu meira úr góðri kvöldstund í leikhúsinu!**  
Leikhússeisla í mat og drykk fyrir sýningar um helgar frá kl: 18:00.  
Smáréttir og veigar eftir sýningar. Borðapantanir í síma **585 1295.**

MÍÐASALA Á NETINU ALLAN SÓLARHRINGINN - WWW.LEIKHUSID.IS  
AFGREIÐSLA ER OPIN FRÁ KL. 12:30-18:00 MÁN.-PRI. AÐRA DAGA KL. 12:30-20:00.  
MÍÐASÖLUSÍMI: 551 1200. SÍMAPANTANIR FRÁ KL. 10:00 VIRKA DAGA.

### BORGARLEIKHÚSIÐ

Stóra svið	Nýja svið / Litla svið
<p><b>RONJA RÆNINGJADÓTTIR</b></p> <p>Lau 8/4 kl. 14 UPPS. Su 9/4 kl. 14 UPPS. Su 23/4 kl. 14 Su 23/4 kl. 17:30 Lau 29/4 kl. 14 Su 30/4 kl. 14 Lau 6/5 kl. 14 Su 7/5 kl. 14 Lau 20/5 kl. 14 Su 21/5 kl. 14 Su 28/5 kl. 14</p> <p>ÓSÓTTAR PANTANIR SELDAR DAGLEGA</p>	<p><b>BELGÍSKA KONGÓ</b></p> <p>Fi 6/4 kl. 20 UPPS. Fö 7/4 kl. 20 Fi 20/4 kl. 20 Fö 21/4 kl. 20 Lau 29/4 kl. 20 Su 30/4 kl. 20</p> <p><b>ALVEG BRILLJANT SKILNAÐUR</b></p> <p>Lau 8/4 kl. 20 SÍÐUSTU SÝNINGAR Í REYKJAVÍK</p>
<p><b>KERTALJÓSATÓNLEIKAR HARDAR TORFA</b></p> <p>FIMMTUDAGINN 6/4 KL. 20</p>	<p><b>HUNGUR</b></p> <p>Fi 4/5 kl. 20 Su 7/5 kl. 20</p>
<p><b>KALLI Á PAKINU</b></p> <p>Fi 13/4 kl. 14 skírdagur UPPSELT Lau 15/4 kl. 14 UPPSELT Má 17/4 kl. 14 annar í páskum Fi 20/4 kl. 14 sumardagurinn fyrsti Lau 22/4 kl. 14</p>	<p><b>NAGLINN</b></p> <p>Fö 28/4 kl. 20 Lau 29/4 kl. 20</p>
<p><b>FULLKOMIÐ BRÚÐKAUP</b></p> <p>Su 30/4 kl. 20 UPPS. Má 1/5 kl. 20 UPPS. Pri 2/5 kl. 20 UPPS. Mi 3/5 kl. 20 UPPS. Su 7/5 kl. 20 UPPS. Má 8/5 kl. 20 UPPS. Pri 9/5 kl. 20 UPPS. Fi 18/5 kl. 20 UPPS. Fö 19/5 kl. 20 UPPS. Fö 19/5 kl. 22:30 Su 21/5 kl. 20 UPPS. Fi 25/5 kl. 20 AUKAS Fö 26/5 kl. 20 UPPS. Fö 26/5 kl. 22:30 Su 28/5 kl. 20 Fi 1/6 kl. 20</p>	<p><b>GLÆPUR GEGN DISKÓINU</b></p> <p>Lau 22/4 kl. 20 Fö 28/4 kl. 20 Fö 5/5 kl. 20 SÍÐUSTU SÝNINGAR</p> <p><b>FORDIST OKKUR</b></p> <p>Mi 5/4 kl. 20 Fi 6/4 kl. 20 UPPS. Fö 7/4 kl. 20 Lau 8/4 kl. 20 Su 9/4 kl. 20 Fi 20/4 kl. 20 Fö 21/4 kl. 20 Lau 22/4 kl. 20</p>
<p><b>VORSÝNING 2006 Listdansskóli Íslands</b></p> <p>Pri 11/4 kl. 20 Mi 12/4 kl. 20</p>	<p><b>DANSleikhúsið</b></p> <p>Su 9/4 kl. 20 Pri 11/4 kl. 20 Mi 19/4 kl. 20 Fi 21/4 kl. 20</p> <p><b>SÖNGLIST</b></p> <p>Í dag kl 17 Í dag kl. 20:30 Pri 4/4 kl. 17 Pri 4/4 kl. 20 Mi 5/5 kl. 17 Mi 5/5 kl. 20</p>

Miðasala í síma 568 8000 - [www.borgarleikhusid.is](http://www.borgarleikhusid.is)



#### Kl. 21.00

Hljómsveitin Leaves heldur tónleika á Gauki á Stöng. Lokbrá og Bob Justman koma einnig fram. Aðgangseyrir 500 kr.

## menning

menning@frettabladid.is

# Töfrandi ævintýraheimur

Hjónin Ilya Kabakov og Emilia vinna saman að listsköpun sinni og nú heim-sækja þau Ísland í annað sinn með ævintýrlegar innsetningar í fateskinu.

Sýning þeirra er hluti af hátíðarviðburði sem kemur hingað til lands frá Danmörku en innsetning þeirra „Morgunn, kvöld, nótt...“ var upphaflega sýnd í Nikolaj-nýlistasafninu í Kaupmannahöfn í tilefni af 200 ára ártíð H.C. Andersen. Verkið er tileiknað honum en Emilia Kabakov segir að hugmyndaheimur og sögur Andersens fái lesendurna bæði til að gráta og hlæja. „Andersen fær okkur til að hugsa um lífið og töfrana,“ segir Emilia og hún bætir við að sögur hans séu vinsælar í heimalandi þeirra hjóna í Rússlandi.

Hún kveðst ekki geta gert upp á milli sagnanna. „Þær eru allar svo fallegar og ljóðrænar, þú heldur áfram að lesa þær allt þitt líf. Fyrst les þær einhver fyrir þig þegar þú ert barn, svo lestu þær sjálf þegar þú eldist og síðar fyrir þín eigin börn. Ef þér virkilega líkar þær þá lestu þær aftur fyrir barnabörnin.“

Skúlptúrar Kabakov-hjónanna eru ævintýrlegir og dulúðugir en þau hjónin hafa skapað alveg nýjan heim í salarkynnum Kjarvalsstaða. Töfrarnir eru sífellt nálægir en óhöndlanlegir og inni í dularfullum köstulum snúast verur úr verkum Andersens en viðfangsefnin sem dansa þar eru fengin úr klippimyndum hans. „Þetta er frásögn en ekki í orðum,“ segir Emilia Kabakov.

Hún segir að margt hafi breyst síðan þau hjónin komu hingað



ILYA OG EMILIA KABAKOV MYNDLISTARMENN Bjóða gestum að kíkja inn í ævintýraheim Andersens.  
FRÉTTABLAÐIÐ/ HEIÐA

fyrir þrettán árum. „Borgin er mjög breytt, allt miklu nútíma- og ríkmannlegra. Í minningunni vorum við að ganga meðfram sjónum, í pínulítilli götu með litlum húsum. Við sáum líka Dieter Roth á gangi hinum megin götunnar,“ segir hún og bætir við að hún hafi fundið fyrir mikilli orku í síðustu heimsókn sinni hingað. „Við fórum á Þingvelli og ég sá álf, þótt enginn trúir mér þá sá ég hann í alvörunni. Ég hef það á tilfinningunni að hér og hvergi annars stað-

ar í heiminum sé griðastaður fyrir drauga og allsk yns töfrasálna hvaðanæva úr heiminum. Þær hafa flutt sig hingað á þess eyju því þær eru hvergi öruggar annars staðar,“ segir listakonan sem tekið hefur ástfóstri við íslenska náttúru.

Emilia og Ilya ætla aftur á Þingvöll og Emilia segist þurfa að taka mynd af álfinum fyrir barnabörnin svo þau trúir henni. „Ef álfurinn vill sitja fyrir,“ segir hún spösk að lokum. -[kristrun@frettabladid.is](mailto:kristrun@frettabladid.is)

### ÓPERUSTÚDÍÓ

NÓTT Í FENEYJUM  
EFTIR JOHANN STRAUSS

**NÓTT Í FENEYJUM - eftir JOHANN STRAUSS**  
4. sýn. Þri. 4. apríl kl. 20 – 5. sýn. fim. 6. apríl kl. 20  
6. sýn. lau. 8. apríl kl. 20 - SÍÐASTA SÝNING

**GLITNIR** Glitnir er bakhjarl Óperustúdíós Íslensku óperunnar

Hádegistónleikar fim. 6. apríl kl. 12.15 - Kánsónur úr suðri og norðri  
Kolbeinn J. Ketilsson, tenór og Anna Guðný Guðmundsdóttir, pianó

[www.opera.is](http://www.opera.is) | [opera@opera.is](mailto:opera@opera.is) | Sími: 511 4200

Miðasalan er opin alla daga nema mánudaga kl. 14-18 og fram að sýningu sýningardaga.  
Símásala kl. 10-18 Þriðjudaga - föstudaga. Miðasala á Netinu allan sólarhringinn.



ÍSLENSKA ÓPERAN

**SÍÐUSTU SÝNINGAR**

## TYR PATAL

LEIKSTJÓRN: SIGGI SIGURJÓNS

Sýnt á NASA við Austurvöll

Miðvikudagur	12. apríl
Laugardagur	15. apríl
Miðvikudagur	19. apríl

Miðasala í síma 575 1550, verslunum Skífunnar og [www.midi.is](http://www.midi.is)

#### Ekki missa af...

DANSleikhúsinu sem sýnir tvö ný frumsamin verk á **Nýja sviði Borgarleikhússins** á sunnudaginn, ekki ráð nema í tíma sé tekið að taka daginn frá.

Kynjadögum í boði **Listaháskóla Íslands**, upptökum og fræðsluerindi við allra hæfi alla vikuna.

Litlu Hryllingsbúðinni hjá **Leikfélagi Akureyrar**, klassískur söngleikur fyrir alla aldurs hópa og áhugafólk um plöntur.

### HIMNARÍKI

Geðkötlin þannleikur eftir Anna Ísæn

Fös. 31. mars. kl. 20  
Síðasta sýning.

### HVAÐ EF

Fös. 31. mars kl. 14.00 uppselt

### VIÐTALIÐ

eftir Laílu Margrétu Amþórsdóttur

Laugard. 1. apríl kl. 20.00  
Fimmtud. 6. apríl kl. 20.00  
Föstud. 21. apríl kl. 20.00  
Fimmtud. 27. apríl kl. 20.00



Miðapantanir í síma 555 2222 og á [midi.is](http://midi.is)



GOÐDUR KAFAFAR Í KYNJAMYNDIR Kynjadagar fyrir alla í Listaháskólanum. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL

## Komandi kynjadagar

Listaháskóli Íslands heldur Kynjadaga sem hefjast í dag og standa til 7. apríl en dagskráin er helguð kynjum, kynjaímyndum og femínisma. Kynjadagar eru haldnir að frumkvæði jafnréttisnefndar skólans en dagskráin er full af gleði og öðruvísi uppákomum.

Nemendur, gestalistamenn og fræðimenn standa að dagskránni en allar deildir skólans leggja sitt til málanna. Í dag munu nemendur í leiklistardeild til dæmis sýna brot úr dansverkinu „Hindarleik“ eftir Gunnlaug Egilsson kl. 12.15 í húsnæði deildarinnar að Sölvhóls götu 13 og á morgun mun Sigríður

Pétursdóttir kvikmyndafræðingur fjalla um karlmennsku í íslenskum kvikmyndum í Skipholti 1 en fyrirlestur hennar hefst kl. 12.30. Á Kynjadögum munu nemendur í hönnunar- og arkitektúrdeild einnig kynna verkefni sín um kynjaímyndir í auglýsingum og mun prófessor Guðmundur Oddur Magnússon kafa í sögu íslenskra karl- og kvenímynda í máli og myndum á fimmtudaginn kl. 12.15. Allir eru velkomnir á viðburði Kynjadaga og er hægt að nálgast dagskrá þeirra á heimasíðu Listaháskólans, [www.lhi.is](http://www.lhi.is).

-khh



MÁLARINN ATLI ÖRN JENSEN Heldur sýningu á landslagsmyndum í Garðatorgi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Farsæll ferill málara

Málarinn Atli Örn Jensen fagnar 81 árs afmæli sínu með yfirlits-sýningu sem stendur yfir í Garðabergi, félagsheimili eldri borgara við Garðatog, um þessar mundir en sýningin er einnig tileinkuð minningu eiginkonu hans sem lést á síðasta ári. Atli Örn byrjaði að fást við myndlist árið 1942 og


stundaði nám í Frístundamálaraskólanum, lærði hjá Sigfúsi Halldórssyni og var í bréfaskóla hjá Handmenntaskólanum. Hann malar pastelmyndir og olíuverk en myndefnið er oftast landslag. Sýningin stendur út aprílmánudag en hún er opin frá hálf eitt til hálf fimm alla virka daga.

## Ljóðræn skilaboð

Í nýútkominni ljóðabók Sigurbjarnar Þorkelssonar má finna 90 ljóð eða „smáskilaboð“ eins og höfundurinn nefnir þau, af trúarlegum toga. Í formála segir að ljóð bókarinnar séu vitnisburður höfundar um lífið og óður hans til þess en efnistöð bókarinnar vísa til lífsgæðakapphlaupsins og lífsviðhorfs nútímamannsins sem berst gegn straumnum. Bókina hyggst höfundur gefa á biðstofur lækna, dekkjaverkstæða og rakarastofa sem og á sjúkrahús og dvalarheimili og í skóla landsins eftir „því sem upplag endist og heilsa og kraftar leyfa“.

Bókina nefnir Sigurbjörn Sítencingu en þetta er fjórtánda bók höfundarins sem áður hefur gefið út smásögur, ljóðabækur og skáldsögu auk bænabóka og annars efnis trúarlegs eðlis.

-khh



UPPÖRVANDI BOÐSKAPUR FYRIR LESENDUR

## Sjómenn! - hver er staðan í öryggismálum í dag?

Málfundir um öryggismál sjómanna hafa verið haldnir víða um land í vetur.

Lokafundur í málfundaröð um öryggi sjómanna verður haldinn í Hraunholti (Dalshrauni 15) í Hafnarfirði þriðjudaginn 4. apríl n.k. kl. 16.00 til 18.00


Sjómenn, útgerðarmenn og aðrir sem láta sig öryggi sjómanna varða eru hvattir til að mæta.

### Dagskrá:

1. **Setning fundar.** Fundarstjóri: Helgi Laxdal, formaður Vélstjórafélags Íslands.
2. **Áætlun um öryggi sjófarenda.** Samgönguráðuneyti.
3. **Staða verkefna áætlunar um öryggi sjófarenda 2005.** Siglingastofnun.
4. **Nýjungar í öryggisfræðslu sjómanna.** Slysavarnafélagið Landsbjörg og Slysavarnaskóli sjómanna.
5. **Upplýsingakerfi fyrir sjófarendur - Veður og sjólag.** Siglingastofnun.
6. **Kaffihlé (nýjungar í upplýsingakerfi um veður og sjólag).**
7. **Vakstöð siglinga. Leit og björgun á sjó.** Vaktstöð siglinga.
8. **Áherslur útgerðarmanna í öryggismálum sjófarenda.**
9. **Áherslur sjómanna í öryggismálum sjófarenda.**

Almennar umræður um öryggismál sjómanna að loknum erindum.

Léttar veitingar að loknum fundi.



Fundirnir eru haldnir í tengslum við áætlun um öryggi sjófarenda og að þeim standa: Samgönguráðuneyti, Slysavarnafélagið Landsbjörg, Landhelgisgæsla Íslands, Samband íslenskra kaupskipaútgerða, Landssamband íslenskra útvegsmanna, Landssamband smábátaeiganda, Farmanna- og fiskimannasamband Íslands, Vélstjórafélag Íslands, Sjómannasamband Íslands, og Siglingastofnun sem fer með framkvæmd áætlunarinnar.

## Foreldrar athugið!

Við viljum ekki missa fleiri ungmenni í neyslu fíkniefna. Því viljum við minna ykkur á foreldrafundi í eftirtöldum skólum á vegum Maritafraeðslunnar:

Grunnskólinn á Ísafirði  
Opin fundur fyrir foreldra á Hótel Ísafirði  
Grunnskóli Bolungarvíkur

Þri. 4. apríl kl 20:00  
Mið. 5. apríl kl 12:00  
Mið. 5. apríl kl 20:00

*Leikari upplýsingar er að fá í viðkomandi skóla*

Markmiðið er að samhæfa aðgerðir foreldra í því að styðja unglíngla til að taka afstöðu gegn neyslu vímuefna. Reynsla undanfarinna ára sýnir að það ber árangur þegar foreldrar standa saman og setja sameiginlegar reglur og markmið. Nýlega var árangur starfsins metin og benda niðurstöður til þess að þessi fræðsla hefur áhrif á viðhorf unglíngla. Að félaginu standa Lögreglan í Reykjavík, Reykjavíkurborg og Marita, forvarnarsvið Samhjalpar.



kostaði auglýsinguna



ÁÐUR EN ÞÚ BYRJAR

## Pæjur í Portúgal

Þar sem stærstu og þekktu hönnuðirnir í tískuheiminum láta ekki sjá sig nema í tískuborgunum París, Mílanó, New York og London þá verða tískuvikurnar í öðrum borgum alltaf undir. Tískuvikunni í Portúgal lauk á dögunum og þó svo að þar væru ekki heimsfrægir hönnuðir á hverju strái mátti vel finna afar flotta hönnun og framúrskarandi hönnuði. Einn þeirra var Luis Buchinho sem státar af afar kvenlegri og fallegrri hönnun. Luis er 36 ára að aldri og hefur fengið fjölmörg verðlaun fyrir hönnun sína og kynnir hana reglulega á tískuvikunni í Lissabon. Vetrarlína hans var frekar klassísk og flott en brjálað hár og smávegis töffaraskapur lífuguðu upp á útlitið. Hann sótti áhrif í hugtök eins og vernd og huggun en litaspjaldið samanstóð af bláum, svörtum, fjöluþálum og gráum litum.

hilda@frettabladid.is



NORDICPHOTOS/GETTYIMAGES



## 20% afsláttur af Nicorette\*



### 1 Freshmint tyggigúmmí

Ný kynslóð Mýkra undir tönn



### 3 Tungurótar-tafla

Lítill tafla með stórt hlutverk



### 2 Dagplástur

Sigraðu sígarettur á daginn og sofðu vel á nóttunni



### 5 Nefúðalyf

Dregur úr lönguninni með skjóttum hætti



### 4 Innsogslyf

Dregur bæði úr reykjalöngun og reykingsávana



**nicorette**  
nicotin

\*Tilboðið gildir 2. - 8. apríl

**Lyf & heilsa**  
Við hlustum!

Nicorette nikótínlyf eru fánæg án lyfseðils og eru notuð þegar reykjum er hætt eða þegar dregið er úr reykjum. Til að ná sem bestum árangri skal ávallt fylgja leiðbeiningum í fylgiseðli. Skammtar eru einstaklingsbundnar eftir því hve mikið er reyktt, hvort hættu á reykjum eða draga úr þeim. Því ber að kynna sér upplýsingar um notkun í fylgiseðli. Í fylgiseðlinum eru upplýsingar um: verkun og notkun, varúðarreglur, mikilvægar upplýsingar sem nauðsynlegt er að lesa áður en lyfin eru notuð, hugsanlegar aukaverkanir og aðrar upplýsingar. Leiði til læknis eða lyfjafræðings ef þörf er á frekari upplýsingum um lyfin. Þeir sem fengið hafa ofnæmi fyrir nikótíni eða öðrum innihaldsefnum lyfsins, nýlegt hjartaáfall, östóðuga versnandi hjartaöng, alvarlegt hjartsláttarglöp eða nýlegt heilablóðfall eiga ekki að nota Nicorette nikótínlyf. Börn yngri en 15 ára, þunguðar konur og konur með barn á brjósti eiga ekki að nota Nicorette nikótínlyf nema að ráði læknis. Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Geymið fylgiseðilinn. Nauðsynlegt getur verið að lesa hann síðar. Handhafi markaðsleyfis: Pfizer ApS. Umboð á Íslandi: Vistor hf., Hörgatúni 2, Garðabæ. www.nicorette.is

## Vel sóttir tónleikar

Söngkonan iðilfagra Katie Melua hélt vel heppnaða tónleika í Laugardalshöll á föstudagskvöldið var að viðstöddu margmenni. Melua sló í gegn hér á landi með laginu Níu milljónir reiðhjóla í Peking fyrr á þessu ári og er að fylgja eftir plötu sinni Piece by Piece sem slegið hefur í gegn um allan heim.



**VINKONUR Á GÓÐRI STUNDU** Þær Gróa, Svanhildur og Guðlaug létu sig ekki vanta í Höllina og hafa væntanlega verið heillaðar af söng Melua.



**EFTIRVÆNTING Í LOFTINU** Þær Angela og Anna Jóna voru að vonum spenntar fyrir að sjá söngkonuna sem hefur slegið svo rækilega í gegn.



**FULLIR TILHLÖKKUNAR** Þeir Sigurður og Gunnar hlökkudu mikið til tónleikanna enda er söngkonan verðandi stórstjarna.



**SÆT SAMAN** Anna og Tjörvi ætluðu að ylja sér við hugljúfa tóna söngkonunnar sem er þekkt fyrir mikla rómantík.



**KATIE MELUA** Tónleikar söngkonunnar þóttust heppnast vel og var fyrir löngu uppsett á þá. FRÉTTABLAÐIÐ / HEIÐA

## Algjör stjarna

Keira Knightly var svaka flott þegar hún mætti í 21 árs afmælisveisluna sína á dögunum en þemað var þriðji áratugurinn eins og sést á henni. Hún keypti kjólinn í versluninni Tin Tin Collectable sem engin önnur en Kate Moss er þekkt fyrir að versla í. Verslunin sérhæfir sig í fallegum kjólum og flíkum frá fyrri áratugum en búðin er alls ekki þekkt fyrir að vera ódýr. Í stíl við kjólinn var Keira með fallegan hvítan feld á öxlunum, algjör stjarna.



KEIRA KNIGHTLEY Var glæsileg í afmælisveislunni sinni á dögunum en þemað var þriðji áratugurinn.

## Ferskleikinn í hnotskurn

Taktu forskot á vorið og baðaðu þig upp úr Aroma Sun frá Lancome. Sturtusápan ilmar af blómum en í henni eru örvandi olíur, E-vítamín sem ver húðina gegn ótímabærri öldrun og glycerol sem er einn virkasti rakagjafinn. Það er því varla hægt að hugsa sér neitt betra þegar sturtusápa er annars vegar. Aroma Sun sturtusápan fæst í öllum betri snyrtivöruverzlunum.



STYTTIST Í RAY DAVIES Breski rokkhundurinn og gamli Kinksarinn Ray Davies kemur til landsins í vikunni en hann mun troða upp á tónleikum í Háskólabíói á föstudaginn langa. Enn eru 400 miðar óseldir á tónleikana þannig að það er ekki of seint að tryggja sér sæti.



JAKOBÍNARÍNA Hjómsveitin Jakobínarína treður upp á Gauki á Stöng á föstudaginn.

## Rocky-veisla

Politica, félag stjórnmálafræðinema, býður til Rocky eða Rokk-HÍ-tónleikaveislu föstudaginn 7. apríl á Gauki á Stöng þar sem fjólmargir listamenn troða upp.

Fram koma Helgi Valur, Pétur Ben, Weapons, Wulfgang, Ég, Jan Mayen, Úlpa, Jakobínarína, Jeff Who? og Dr. Spock. Idol-stjórnuleit verður sýnd á efri hæðinni og eftir það mun DJ Steinunn þeyta skífur fram á nótt.

Miðasala fer fram á kaffistofum stúdenta í Háskóla Íslands. Miðaverð er 1000 krónur í forsölu og 1200 krónur um kvöldið á Gauknum.



DEEP DISH Plötusnúðarnir frá Bandaríkjunum og Íran ætla að þeyta skífur á Nasa.

## Deep Dish í miklu stuði

Plötusnúðarnir Deep Dish, sem eru tveir talsins, spila á klúbbakvöldi á Nasa þann 12. apríl og verða væntanlega í miklu stuði.

Plötusnúðarnir eru frá Washington DC og Íran og kalla sig Ali og Sharam. Þeir hafa unnið til margra Grammy-verðlauna, meðal annars fyrir besta danslagið og bestu dansplötuna. Þeir hafa endurhljóðblandað lög eftir Madonna, Rolling Stones, Depeche Mode, Janet Jackso, Justin Timberlake og fleiri.

Miðasala á klúbbakvöldið er hafin og fer hún fram í Þrumunni á Laugavegi.

Feringartilboð 2006

# Besta gjöfin sem hægt er að gefa unglingi er góður svefn



## Þú gætir unnið!

Þegar feringargjöf er keypt hjá okkur, fer nafn feringarbarnsins í pott. Fimm heppin feringarbörn verða iPod nano ríkari þegar dregið verður föstudaginn 5. maí. Nöfn vinningshafa verða birt á [www.lystadun.is](http://www.lystadun.is).

Heilsurúm með tvöföldu fjaðrakerfi

Verð frá: kr. 30.320 (80 x 200 cm)

Glæsileg tilboð í mjúku deildinni. Mikið úrval af sængum, heilsukoddum, rúmfatnaði og öðrum fylgihlutum.



Opið virka daga: 10-18 og laugard. 11-16

Reykjavík: Mörkin 4, s. 533 3500

Akureyri: Hofsbót 4, s. 462 3504

Egilsstaðir: Miðvangur 1, s. 471 2954

Akranes: Bjarg, Kalmansvöllum 1A, s. 4312507

<p>Nýtt í bíó</p> <p><b>DATE MOVIE</b></p> <p>FRÁ ÖLLUM HANDRITSHÖFUNDUM „SCARY MOVIE“ ÞÉR MUN STANDA AF HLÁTRI! UM ÁSTÍNA, RÓMANTÍKUNA OG ANNAN EINS VIÐJÓÐI</p> <p>FM 957</p>	<p>NATHAN LANE MATTHEW BRODERICK LIMA THURMAN WOOL FERRELL</p> <p>„Ég man ekki eftir því að hafa skemmt mér jafn vel í bíó...“</p> <p><b>THE PRODUCERS</b></p> <p>D.Ö.J. - Kvikmyndir.com</p> <p>VIV - Topp5.is</p> <p>SPRENGLHÆGILEGUR SÖNGLEIKUR FRÁ GRÍNSNINGINGUM MEL BROOKS! DV - Dóri DNA</p>	<p>Mamma allra grimmynda er meitt aftur í bíó!</p> <p>Fór beint á toppinn í Bandaríkjunum</p> <p><b>BIG MOMMA'S HOUSE 2</b></p> <p>WWW.XY.IS</p> <p>200 kr. afsáttur fyrir XY félagi</p>	<p>Sími 553 2075</p> <p>LAUGARAS BÍÓ - bara lúxus</p> <p>UM ÁSTÍNA, RÓMANTÍKUNA OG ANNAN EINS VIÐJÓÐI</p> <p><b>DATE MOVIE</b></p> <p>FRÁ ÖLLUM HANDRITSHÖFUNDUM „SCARY MOVIE“</p> <p>Sýnd kl. 6, 8 og 10 kl. 14 dæ</p> <p>STRÓKOSTLEG ÆVINTÝRAMYND</p> <p>FRÓÐLAGA RÓMÓ - ÁÐRÉ - VORU</p> <p><b>TRISTAN &amp; ISOLDE</b></p> <p>Klassísk og spennandi ástar saga um forboðið samband ungra elskenda, sem blandast inn í stríð og valkafaralínu kóngs og ríkisráðs.</p> <p>Sýnd kl. 8 og 10-20 kl. 14 dæ</p>		
<p>STEVE MARTIN KEVIN KLINE BEYONCÉ KNOWLES</p> <p><b>THE PINK PANTHER</b></p> <p>JEAN RENO</p> <p>FM 957</p>	<p><b>RENT</b></p> <p>2 FYRIR 1 FYRIR VIÐSKIPTAVINI GULLVILDAR</p> <p>SYN - DV</p> <p>SYN - DV</p> <p>SYN - DV</p>	<p><b>walk the line</b></p> <p>JOAQUIN PHOENIX REESE WITHERSPOON</p> <p>ÓSKARS-VERÐLAUNIN sem besta leikkona í aðalhlutverki - Reese Witherspoon</p>	<p><b>MAMMA!</b></p> <p>ALLRA GIMMYNDA ER MATT AKTURE!</p> <p><b>BIG MOMMA'S HOUSE 2</b></p> <p>Sýnd kl. 8 og 10</p> <p><b>FIRST DESCENDANT</b></p> <p>Sýnd kl. 5:45</p>		
<p><b>SMÁRA BÍÓ</b> SÍMI 564 0000</p> <p><b>DATE MOVIE</b> kl. 4, 6, 8 og 10 B.I. 14 ÁRA</p> <p><b>SYND Í LÚXUS</b> kl. 4, 6, 8 og 10 B.I. 14 ÁRA</p> <p><b>THE PRODUCERS</b> kl. 8 og 10.45</p> <p><b>BIG MOMMA'S HOUSE 2</b> kl. 3.40, 5.45, 8 og 10.15</p> <p><b>PINK PANTHER</b> kl. 3.45, 5.50 og 10.10</p> <p><b>YOURS MINE AND OURS</b> kl. 4 og 6</p>		<p><b>REGNBOGINN</b> SÍMI 551 9000</p> <p><b>DATE MOVIE</b> kl. 6, 8 og 10 B.I. 14 ÁRA</p> <p><b>THE PRODUCERS</b> kl. 5.20, 8 og 10.45</p> <p><b>WALK THE LINE</b> kl. 5.15, 8 og 10.45</p> <p><b>RENT</b> kl. 5.20, 8 og 10.40 B.I. 14 ÁRA</p> <p><b>400 kr. í bíó!</b> Séið á öðrum skjánum í Regnboginum með ráslopi</p>		<p><b>BÍÓ.IS</b> - allt á einum stað</p> <p><b>www.laugarasbio.is</b></p>	

Keramik fyrir alla

## Pinn hópur

Óvissuferðir, gæsir, vinnustaðir, saumaklúbbar...  
Bókaðu eigin hóp, eða komdu þegar þér hentar.

**Keramik fyrir alla**  
sími 552 2882, Laugavegi 48b.  
Sjá lýsingu: [www.keramik.is](http://www.keramik.is)

## Framleiðir Big Wave

Gamanleikarinn Ben Stiller ætlar að framleiða kvikmyndina Big Wave sem er byggð á hans eigin hugmynd.

Myndin fjallar um besta brimbrettakappa í heimi sem ákveður að snúa aftur í íþróttina eftir að hafa hætt í nokkur ár. Leikstjórar myndarinnar verða Emmett og Brendan Malloy sem eru þektir fyrir brimbrettamyndbönd sín auk þess sem þeir hafa tekið upp myndbönd fyrir rokk-sveitir á borð við Blink 182 og Foo Fighters.

**BEN STILLER** Gamanleikarinn ætlar að framleiða kvikmyndina Big Wave.

FRÉTTABLAÐIÐ/REUTERS

LEIKARARNIR JOHN HURT, CLARE-HOPE ASHITEY OG HUGH DANCY Hurt, Ashitey og Dancy voru viðstödd frumsýningu myndarinnar, sem þykir mjög umdeild. FRÉTTABLAÐIÐ / GETTY IMAGES

## Shooting Dogs vekur athygli

Kvikmyndin Shooting Dogs hefur vakið töluverða athygli en hún fjallar um þjóðarmorðin í Rúanda. John Hurt fer með aðalhlutverkið í myndinni og hann varði hana með kjafti og klóm þegar hún var frumsýnd í Bretlandi á dögnum. „Það var fullkomlega meðvitað hjá okkur að setja þessar persónur í sviðsljós-ið,“ sagði Hurt við blaðamenn en myndin hefur verið gagnrýnd fyrir að vera full vestræn og einhliða.

Myndin var frumsýnd á fót-boltaleikvangi í Kigali, höfuðborg Rúanda, og voru um fimmtán hundruð manns viðstaddir. Hugh Dancy, sem leikur kennara í myndinni, sagði að andrúmsloftið hefði verið ótrúlegt. „Maður heyrði hlátur en líka grát,“ sagði hann. „Þegar myndinni lauk var smá þögn en svo brutust út mikil fagnaðarlæti,“ bætti Dancy við og svaraði gagnrýnendum fullum hálsi. „Vonandi gera íbúar Rúanda einhvern tímann svona mynd.“

## FRÉTTIR AF FÓLKI

**Victoria Beckham** ætlar að skrifa bók þar sem hún mun deila eigin snýrtiráðum með lesendum. Bókin mun heita That Extra Half An Inch og mun innihalda ýmis ráð og leyndarmál sem stjarnan býr yfir í tengslum við stíl og fegurð auk viðtala við fræga hönnuði. „Ég hef verið að vinna að þessu í sex mánuði og það hefur reynst mér effitt að halda þessu leyndu því ég er mjög spennit fyrir þessu verkefni. Ég er svo fegin að fólk veit af þessu núna svo ég get loksins talað um þetta,“ sagði Victoria spennit.

**Hugh Grant** hefur viðurkennt að hann sé aðdáandi þáttarins I'm a celebrity get me out of here. „Ég hef alltaf haft leynda þrá um að fá að vera í sjónvarpi. Ég er mjög hrifinn af raunveruleikabáttum og ef það væri ekki fyrir neðan virðingu mína þá myndi ég taka þátt í þeim,“ sagði hann og játaði einnig að hafa beðið meðleikara sinn í Bridget Jones, Colin Firth, um að glíma við sig opinberlega til styrktar göðgerðamálum. „Ég reyndi að fá hann til að glíma við mig en hann var hræddur. Ekki líkamlega heldur var hann hræddur um að verða of æstur kynferðislega,“ sagði Hugh og hló.

SMS LEIKUR! TAKTU ÞÁTT!

SENDU SMS SKKEYTIÐ JA DMF Á NÚMERIÐ 1900 OG ÞÚ GÆTIR UNNIÐ MIÐA FYRIR TVO.

**FM 957**

**11. HVER VINNUR!**

VINNINGAR ERU BÍÓMIÐAR FYRIR TVO Á DATE MOVIE DVD MYNDIR • PEPSI • GEISLADISKAR BOLUR OG MARGT FLEIRA

## DATE MOVIE

FRUMSÝND 30. MARS

BÍÓ.IS MOBILE

VINNINGAR VERDA AFHENDIR HJÁ BT SMÁRALIND. KÓPAVOGI, MEÐ ÞVI AÐ TAKA ÞÁTT ERTU KOMINN Í SMS KLÚBB. 99 KR/SKEYTIÐ.

## Á toppnum

Breska hljómsveitin Coldplay átti mest seldu plötuna í heiminum á síðasta ári og sá meðal annars við stórum nöfnum á borð við 50 Cent og Mariah Carey.

Plata Coldplay, X&Y, seldist í 8,3 milljónum eintaka en plata Carey, The Emancipation of Mimi, seldist í 7,7 milljónum eintaka. Plata 50 Cent, The Massacre, seldist í 7,5 milljónum eintaka.

X&Y er þriðja plata Coldplay og festi hún sveitina í sessi sem eina þá vinsælustu í heiminum. Fékk hún meðal annars tvenn Britverðlaun í febrúar síðastliðnum.

Í fjórða sæti var plata Black Eyed Peas, Monkey Business, og í því þriðja varð American Idiot með Green Day. Næst á eftir komu Madonna, Kelly Clarkson, Eminem, James Blunt og Robbie Williams.

Plötusala í heiminum minnkaði um 3% á þessu ári en sala á netinu þrífaldadist.

**CHRIS MARTIN** Söngvari Coldplay er væntanlega ánægður með sölnu á nýjstu plötunni, X&Y.

NORDICPHOTOS/GETTYIMAGES

Rússneska fyrirsetan **Natalia Vodrianova** fæddi stúlku um síðustu helgi. Vodianova giftist Bretanum Justin Portman árið 2002 en hann á tveggja ára son, Lucas, úr fyrra hjónabandi. Hjónakornin tilkynntu fyrir mánuðinum að þau hygðust kalla stúlkubarnið Neva. „Hún er falleg og heillandi ljóshærð stúlka,“ sagði Vodrianova. „Hún var í meðalþyngd og sentimetra lengri en Lucas, sem er frekar hár. Ég get því rétt ímyndað mér hvað hún á eftir að verða hávaxin.“

<p><b>FRUMSÝNING</b></p> <p>FRUMSÝND SAMTÍMIS UM ALLAN HEIM.</p> <p>Allt sem er áhugavert hefst í huganum.</p> <p>Sjáðu Sharon Stone í Efnastuðli eins og í fyrri myndinni.</p> <p><b>ÓGNAREBLI 2</b></p> <p>SHARON STONE</p> <p><b>BASIC INSTINCT 2</b></p>	<p>PAUL WALKER</p> <p>BYRLEGGASTA SAGA ÞRAUTSEÐJU, VINÁTTU OG ÁVINTYRA SEM SOÐU HEFUR VERIÐ.</p> <p><b>EIGHT BELOW</b></p>	<p>FRÁ WACHOWSKI BRÆÐRUM ÞEIM SOÐU OG FÆRÐU BAKUR "MATRIX"</p> <p><b>FRELSI! AÐ EILIFU!</b></p> <p>MIKE FORMAN</p> <p><b>V FOR VENDETTA</b></p>	<p>FRUMSÝND SAMTÍMIS UM ALLAN HEIM.</p> <p>Allt sem er áhugavert hefst í huganum.</p> <p><b>ÓGNAREBLI 2</b></p> <p>SHARON STONE</p> <p><b>BASIC INSTINCT 2</b></p>
<p><b>ÁLFABAKKA</b></p> <p>BASIC INSTINCT 2 KL. 5:30-8-10:30 <b>B.I. 16</b></p> <p>BASIC INSTINCT 2 VIP KL. 5:30-8-10:30 <b>B.I. 16</b></p> <p>EIGHT BELOW KL. 5:30-8-10:30 <b>B.I. 16</b></p> <p>V FOR VENDETTA KL. 5:30-8-10:45 <b>B.I. 16</b></p> <p>THE MATADOR KL. 6-8-10:30 <b>B.I. 16</b></p> <p>LASSIE KL. 3:50-6 <b>B.I. 16</b></p> <p>AEON FLUX KL. 10:30 <b>B.I. 16</b></p> <p>BLÓÐBÖND KL. 8 <b>B.I. 16</b></p> <p>BAMBI 2 <b>isl. tol</b> KL. 3:50 <b>B.I. 16</b></p> <p>ÁLFABAKKI S: 587-8900</p>	<p><b>KEFLAVÍK</b></p> <p>BASIC INSTINCT 2 KL. 8-10 <b>B.I. 16</b></p> <p>DATE MOVIE KL. 8-10:20 <b>B.I. 14</b></p> <p><b>AKUREYRI</b></p> <p>BASIC INSTINCT 2 KL. 8-10:15 <b>B.I. 16</b></p> <p>EIGHT BELOW KL. 5:45-8 <b>B.I. 16</b></p> <p>V FOR VENDETTA KL. 10:15 <b>B.I. 16</b></p> <p>LASSIE KL. 6 <b>B.I. 16</b></p> <p>AKUREYRI S: 461-4666 • KEFLAVÍK S: 421-1170</p>	<p><b>KRINGLUNNI</b></p> <p>BASIC INSTINCT 2 KL. 5:30-8-10:30 <b>B.I. 16</b></p> <p>EIGHT BELOW KL. 5:30-8-10:30 <b>B.I. 16</b></p> <p>V FOR VENDETTA KL. 5:30-8-10:30 <b>B.I. 16</b></p> <p>KRINGLAN S: 588-0800</p>	<p><b>HÁSKÓLABÍÓ</b></p> <p>BASIC INSTINCT 2 KL. 5:40-8-10:20 <b>B.I. 16</b></p> <p>V FOR VENDETTA KL. 5:20-8-10:40 <b>B.I. 16</b></p> <p>THE MATADOR KL. 6-8-10 <b>B.I. 16</b></p> <p>THE WORLD 'S FASTEST INDIAN KL. 5:30 <b>B.I. 16</b></p> <p>SYRIANA KL. 8-10:30 <b>B.I. 16</b></p> <p>BLÓÐBÖND KL. 6-8 <b>B.I. 16</b></p> <p>THE NEW WORLD KL. 10 <b>B.I. 12</b></p> <p>HÁSKÓLABÍÓ S: 530-1919</p>



**GJÖLL** Þeir félagar Jóhann Eiríksson og Sigurður Harðarson hafa gefið út sína fyrstu plötu undir nafninu Gjöll. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

## Gjöll gefur út plötu

Rafduóttinn Gjöll hefur gefið út sína fyrstu plötu, sem nefnist Way Through Zero. Duóttinn skipa þeir Jóhann Eiríksson, fyrrum meðlimur Reptilicus, og Sigurður Harðarson, meðlimur Forgarðs helvítis og Dysjar, betur þekktur sem Siggí pönk. Hafa þeir starfað saman í eitt ár.

Platan er gefin út á vegum

þýska plötufyrirtækisins Ant-Zen. Hefur hún að geyma bæði íslenska og enska texta.

Siggí pönk segir að samhangandi saga fylgi plötunni frá byrjun til enda þar sem ákveðinn ferill sé rakinn. „Hún fjallar um vaxandi reiði út í kúgunina í samfélaginu. Síðan verður millipunktur þegar það verður bylting innra með þér,“ segir Siggí.



**VOR Í LOFTI**

ILSE JACOBSEN • Hornbæk Garðaregi - GARDABE

## Kevin er glataður

Popparinn Justin Timberlake segir að eiginmaður fyrrverandi kærustu sinnar Britney Spears, Kevin Federline, sé glataður náungi.

Timberlake, sem er um þessar mundir að taka upp sína aðra sólóplötu, segist hafa áhyggur af Britney, bæði hvað varðar einkalíf hennar og söngferilinn. Skellir hann skuldinni á Federline, sem er fyrrverandi dansari.

„Honum finnst Kevin vera misheppnaður náungi og það er fátt sem getur breytt þeirri skoðun hans,“ sagði kunningi Justins. „Hann segir að hann og Britney hafi átt mörg góð ár saman og að honum þyki leitt hvernig málin hafi ælast hjá henni. Hann er lítt hrifinn af tilraunum Kevins til að ná árangri í skemmtanabransanum og finnst hann vera hálfgerður



**JUSTIN OG BRITNEY** Justin og Britney þegar allt lék í lyndi. Justin er ekki sáttur við eiginmann Britney. FRÉTTABLAÐIÐ/REUTERS

brandari. Ef Britney vill að Justin hjálpi henni stíga aftur fram í sviðsljósið með öflugri plötu er hann til í tuskjóð,“ sagði hann. „Hann vill að hún noti tónlistina til að hjálpa sér á beinu brautina.“

**Xit**  
hárstofa

Sími 564 6444  
Hlíðasmára 9

**OPIÐ**  
Alla daga kl. 9-18  
miðvikud. kl. 9-20  
laugard. kl. 10-14

**AUGLÝSINGASÍMI**  
**550 5000**  
FRÉTTABLAÐIÐ



## Nýir tímar í verslunarmenntun

Fundur á Grand Hótel 6. apríl kl. 8:15 – 10:00

**Fylgist með stærstu breytingu í starfsmenntun á Íslandi**

Fundurinn er öllum opinn sem hafa áhuga á nýjungum í starfsmenntun

- **Nýir tímar í starfsmenntun verslunarfólks:** Emil B. Karlsson, SVP-Samtök verslunar og þjónustu
- **Education in the danish retail sector and future challenges:** Gorm Johansen, Menntaráðgjafi hjá Dansk handel & Service
- **Samstarf skóla og atvinnulífs í Danmörku (danska):** Herdis Poulsen, varaform. HK Handel í Danmörku
- **Ný námsskrá fyrir verslunar- og þjónustugreinar:** Ólafur Jónsson, ritstjóri námsskrár um Starfsnám þjónustugreina
- **Verslunarfagnám og nýliðafræðsla:** Hildur Friðriksdóttir, verkefnisstjóri í Verzlunarskóla Íslands
- **Diplómanám í verslunarstjórnun og viðskiptafræði með áherslu á smásölu:** Geirlaug Jóhannsdóttir, verkefnisstjóri á Viðskiptaháskólanum á Bifröst.
- **Fundarstjóri:** Stefánía Magnúsdóttir varaformaður VR

Skráning hjá svth@svth.is eða í síma 511 3000

Virðing Réttlæti



Samtök verslunar og þjónustu





### Snorri Steinn í ham

Snorri Steinn Guðjónsson var í miklum ham með liði sínu, Minden, í þýsku úrvalsdeildinni í handbolta í gær. Snorri skoraði átta mörk í mikilvægum, 28-27 sigri á Kronau/Östringen. Minden er samt sem áður áfram í harðri fallbaráttu.

**sport**  
sport@frettabladid.is

### GYLFI EINARSSON LEIKMAÐUR LEEDS: HEFUR LEGIÐ Í VEIKINDUM UNDAFNARNAR VIKUR

## Aldrei sáttur ef ég er ekki að spila

Gylfi Einarsson, leikmaður Leeds á Englandi, hefur ekkert spilað með liði sínu að undanförunu í ensku 1. deildinni. Ástæðan er sú að Gylfi veiktist illa en er óþvottur að ná sér og býst við að vera orðinn góður áður en langt um líður.

„Ég hef legið í veikindum í um tvær vikur. Ég fékk slæma flensu og hélt ég væri góður þegar mér sló niður eftir að ég fór á æfingu. Þá kom í ljós að ég er með sýkingu í lungunum og hef því verið að taka það rólega,“ sagði Gylfi. Leeds var í góðri stöðu fyrir



skemmtu og liðið átti alla möguleika á að tryggja sér annað sæti deildarinnar, og þar með beint upp í úrvalsdeild eftir mikla sigurgöngu. Dæmið hefur snúist við í síðustu leikjum og Leeds hefur vegnað illa. „Það hefur verið óþolandi að fylgjast með þessu. Menn eru ekki að grípa gæsina þegar hún hefur gefist og við gætum hæglega verið fyrir ofan Sheffield United, þetta hefur verið algjör klaufaskapur,“ sagði Gylfi en Leeds er í fjórða sætinu sem stendur. Landslíðsmaðurinn hefur átt erfitt uppdráttar að undanförunu og vermt

varamannabekking þegar hann var heill heilsu. „Ég er ekki sáttur með að vera ekki að spila. Það er alltaf leiðinlegt að vera utan vallar og þessi veikindi eru alls ekki að hjálpa til. Ég er samt sem áður ekkert stressaður yfir minni stöðu, það er ekki langt síðan ég skrifaði undir nýjan samning og mér líður mjög vel hjá félaginu. En á meðan maður er ekki að spila getur maður ekki verið ánægður,“ sagði Gylfi.

„Að mínu mati er ótrúlegt að við skulum ekki vera komnir beint upp miðað við þennan sterka hóp sem er hérna hjá liðinu. En það þýðir ekkert að leggja áráttu á bót og ég ætla mér að sjálfsögðu að koma sterkur til baka og standa mig í lokaleikjum tímabilsins. Við ætlum okkur upp, það er ekki spurning.“

### > Heiðar 25.-27. á Spáni

Heiðar Davíð Bragason, Íslandsmeistari í höggleik karla, endaði í 25.-27. sæti í einstaklingskeppninni á Sherry Cup-á hugamótinu í golfi á Spáni en hann lék á 294 höggum, sex höggum yfir pari. Nigel Edwards frá Wales sigraði á mótinu á 282 höggum en alls tóku 72 keppendur þátt. Magnús Lárusson úr Kili endaði í 62.-63. sæti á 312 höggum, 22 yfir pari, Stefán Már Stefánsson úr GR



endaði í 68. sæti á 318 höggum, 28 höggum yfir pari og nýliðinn í landsliðinu Pétur Frey Pétursson varð í 71. sæti á 319 höggum, 31 höggi yfir pari. Íslendingar urðu þeir 16. í röðinni af þeim 19 þjóðum sem tóku þátt.

# DV

## Hefur þú séð DV í dag?

### FIMM TILNEFNDIR Í BYGGINGARLIST



**KING KONG SMS LEIKUR**

9. HVER VINNUR!

**ÞÚ SENDIR SMS SKEYTIÐ BTC KKF Á NÚMERIÐ 1900 ÞÚ GÆTIR UNNIÐ KING KONG Á DVD!**

**AUKAVINNINGAR ERU:**

- KING KONG Á DVD
- PEPSI KIPPUR
- KING KONG TÖLVULEIKUR
- VARNINGUR TENGÐUR MYNDINI
- FULLT AF ÖÐRUM DVD MYNDUM OG MARGT FLEIRA

**ÞÚ SENDIR SMS SKEYTIÐ BTC KKF Á NÚMERIÐ 1900 ÞÚ GÆTIR UNNIÐ KING KONG Á DVD!**

**AUKAVINNINGAR ERU:**

- KING KONG Á DVD
- PEPSI KIPPUR
- KING KONG TÖLVULEIKUR
- VARNINGUR TENGÐUR MYNDINI
- FULLT AF ÖÐRUM DVD MYNDUM OG MARGT FLEIRA

**ADALVINNINGUR**  
DVD spilar + King Kong á DVD + King Kong varningur

**LENDIR Í BT 30. MARS!**

**D3 MOBILE**

## Funheitur Logi hetja Lemgo

Logi Geirsson var hetja Lemgo í síðari undanúrslitaleik EHF-bikarkeppinnar í handbolta í gær gegn Gummersbach. Logi átti sannkallaðan stórleik, skoraði tíu mörk og var maðurinn á bak við frækinn sigur Lemgo í einvíginu.

**HANDBOLTI** „Lífið gæti ekki verið betra,“ sagði Logi Geirsson þegar Fréttablaðið hafði samband við hann í gær eftir æsilegan undanúrslitaleik gegn Gummersbach í EHF-keppninni í handbolta. Íslendingarnir voru áberandi í leiknum, Logi skoraði tíu mörk og var markahæstur hjá Lemgo og Guðjón Valur Sigurðsson dró vagninn fyrir Gummersbach og skoraði ellefu mörk. Þá skoraði Róbert Gunnarsson þrjú en það dugði ekki til þar sem Lemgo komst áfram.

„Maður verður aðeins að vorkenna Gauja og Robba en svona er þetta, bransinn er harður. Það er líka svekkjandi fyrir þá miðað við hvernig þeir klúðuðu þessu í lokin á fyrri leiknum, þá tóku þeir markmanninn út af í lokasókninni og við náðum að skora yfir allan völlinn. Það er stutt á milli hláturs og gráts í þessu,“ sagði Logi en Gummersbach vann leikinn 26-25 en Lemgo vann þann fyrri 28-26 á útivelli og því samtals 53-52.

Leikurinn var í jarnum til að byrja með en á 17. mínútu brutust út slagsmál og einn leikmaður úr hvoru liði fékk rautt spjald. Filip Jicha fékk rautt spjald í liði Lemgo og inn á fyrir hann kom Logi nokkur Geirsson sem átti heldur betur eftir að láta til sín taka. Florian Kehrmann og Marcus Baur meiddust báðir og verða líklega frá í nokkrar vikur. Lemgo var því með hálf tilið en Logi tók þá til sinna ráða þegar Gummersbach hafði yfirhöndina í leiknum.

„Það var allt inni í dag. Það koma svona dagar þegar allt lekur inn, sama hvað ég gerði, það gekk bara allt upp. Ég er búinn að vera lengi að koma mér í gang eftir meiðslin og því er þetta alveg stórkostlegt,“ sagði Logi sem skoraði



LOGI GEIRSSON Átti stórleik gegn Guðjóni Val Sigurðssyni og Róberti Gunnarssyni í gær. Logi skoraði tíu mörk í leiknum.

tíu mörk í gær, í öllum regnbogans litum.

Lokamínútur leiksins voru æsispennandi en Lemgo unnu upp forskot Gummersbach og komust einu marki yfir. „Lokamínúturnar voru rosalegar. Gaui jafnaði í 24-24 og svo skorðu þeir tvö mörk til viðbótar með okkur einum manni færri. Þau úrslit hefðu dugað okkur þar sem við vorum með fleiri mörk skorud á útivelli og því hégum við bara á boltanum. Ég driplaði eins og vitleysingur út um allan völl, lét þrjúta á mér og hornamaðurinn okkar skoradi svo síðasta markið alveg undir lokin,“ sagði Logi sem var stoppaður úti á götum og hylltur af stuðningsmönnum liðsins á meðan Frétta-

blaðið talaði við hann í gær. „Við fögnuðum eins og brjálaðir værum og það var gríðarleg stemmning inni í höllinni. Ég reif mig úr að ofan, sem var hluti af loforði heima á Íslandi, og allt var vitlaust,“ sagði Logi áður en hann fór út að skemmta sér með félögum sínum í gær.

Lemgo mætir Jalesky Garcia og félögum hans í Göppingen í úrslitaleikjunum. „Það verður alls ekki auðvelt. Við erum á góðu skriði núna og ætlum okkur auðvitað titilinn. Vonandi fáum við útileikinn fyrst svo við getum fagnað titlinum á heimavelli okkar í Lemgo,“ sagði Logi í léttum dúr að lokum.

hjalti@frettabladid.is

**MESTA ÚRVAL LANDSINS**  
**AF GLÆSILEGUM HJÓLHÝSUM OG HÚSBÍLUM**

**VÍKUR**  
**V · E · R · K**

VIÐ TÖKUM VAGNINN ÞINN STRAX UPPÍ NÝJAN GÆÐI OG GÓÐ ÞJÓNUSTA!

Arnar Kristín

[www.vikurverk.is](http://www.vikurverk.is) TANGARHÖFDA 1 SÍMI 557 7720



## ÚR SPORTINU

Heiðar Davíð Bragason, Íslandsmeistari í högggleik karla, endaði í 25.-27. sæti í einstaklingskeppninni á Sherry Cup-árhugamótinu í golfi á Spáni en hann lék á 294 höggum (+6). Nigel Edwards frá Wales sigraði á mótinu á 282 höggum (-6). Alls voru 72 keppendur í karlakeppninni en Magnús Lárússon úr Kili endaði í 62.-63. sæti á 312 höggum (+22), Stefán Már Stefánsson úr GR endaði í 68. sæti á 318 höggum (+28) og nýliðinn í landsliðinu Pétur Freyr Pétursson varð í 71. sæti á 319 höggum (+31). Karlalandsliðið endaði í 16. sæti af 19 þjóðum sem tóku þátt.



Íslandsmeistaramótið í kata fór fram í íþróttahúsi Grafarvogs um helgina. Íslandsmeistarar félaga í kata er Breiðablik, Karatefélag Akraness (KAK) varð í öðru sæti og Þórshamar í því þriðja með. Þá voru krýndir nýir Íslandsmeistarar í einstaklingsflokkum þau Helgi Jóhannesson, Breiðablik og Eydís Línal Finnbogadóttir KAK. Þetta er í fyrsta sinn sem Breiðablik er Íslandsmeistarar félaga í kata.

Valur vann KA, 8-1, í deildarbikarnum um helgina. Danski framherjinn Jakob Spangsborg skoraði þrennu fyrir Val en Guðmundur Benediktsson, Pálmi Rafn Pálmarsson, Sigurbjörn Hreiðarsson, Andri Valur Ívarsson og Hálfán Gíslason eitt mark hver. Hreinn Hringsson minnkaði muninn fyrir KA.

Á fundi formanna og framkvæmdastjóra félaga í Landsbankadeild karla, sem fram fór í höfuðstöðvum KSÍ í dag, föstudag, var kjörin ný stjórn SED – Samtaka félaga í efstu deild. Jónas Þórhallsson úr Grindavík var endurkjörinn formaður og með honum í stjórn samtakanna verða Jónas Kristínsson úr KR og Jón Rúnar Halldórsson úr FH.

Íslendingar voru í eldlinunni að venju í handboltnum í Þýskalandi um helgina. Gylfi Gylfason skoraði þrjú mörk fyrir Wilhelmshaven, sem tapaði fyrir Hamborg 33-30 en Heiðmar Felixson skoraði sjö mörk fyrir Hannover Burgdorf, sem vann Ahlen 25-24 á útivelli í 2. deild nyrðri.

Íslandsmeisturum ÍBV var vel tekið á höfninni í Vestmannaeyjum þegar liðið sneri heim frá Reykjavík þar sem það hampaði titlinum. Með sigri á HK tryggði ÍBV sér titilinn en við komuna til Eyja var flugeldum skotið upp og heljarinnar veisla fór fram í höfninni þar sem ÍBV-lagið var áberandi í fagnaðarlátunum.

## HVÆÐ? HVENÆR? HVAR?

APRÍL

31 1 2 3 4 5 6

## Mánudagur

## LEIKIR

- 20.00 Skallagrímur og Keflavík mætast í úrslitakeppninni í körfubolta karla í Borgarnesi.
- 20.00 KR og Njarðvík mætast í úrslitakeppninni í körfubolta karla í vesturbænum.

## SJÓNVARP

- 19.50 Íslandsmótið í körfubolta karla á Sýn. Bein útsending frá leik Skallagríms og Keflavíkur. Einnig verður fylgst með leik KR og Njarðvíkur frá DHL-höllinni.
- 19.55 Enska knattspyrnan á Enska boltanum. Bein útsending frá leik Blackburn og Wigan.
- 21.50 Ítölsku mörkin á Sýn.
- 22.15 Enska mörkin á Sýn.
- 22.50 Spænsku mörkin á Sýn.

Fernando Alonso sigraði í Formúlu-1 kappakstrinum í Ástralíu um helgina:

## Martaðarhelgi fyrir Ferrari

**FORMÚLA-1** Það gekk allt á afturfótunum hjá Ferrari-liðinu í kappakstrinum í Ástralíu um helgina. Vandræðin byrjuðu strax í tímatökunni þegar Felipe Massa sneri bíl sínum og klessti á öryggisvegg en betur fór en á horfðist. Michael Schumacher náði aðeins ellefta sæti í tímatökunni og átti því ærið verkefni framundan til að tryggja sér stig. Það gekk ekki eftir og báðir ökuþórarnir klesstu bíla sína og fullkomnuðu þannig martraðarhelgi þar sem allt gekk á afturfótunum.

„Ég tók mikla áhættu þegar ég ætlaði að fara fram úr Jenson Button en bíllinn hans var í einhverju ólagi. Ég var rétt fyrir aftan hann en bíllinn varð þá skyndilega undirstýrður. Ég lenti út af brautinni í hraðri beygju og skall á vegginn þar sem dekkinn fóru undan með miklum látum,“ sagði Schumacher um atvikið þegar hann snarsneri bíl sínum í brautinni.

Massa telur að Christian Klein, sem ekur fyrir Red-Bull, hafi orðið þess valdandi að Brasilíu- maðurinn féll úr keppni. „Ég var með Klein á vinstri hönd og Scott Speed á þeirri hægri. Klein ók á mig, ég snerist í hring, og lenti svo á Rosberg og hentist á vegginn.



ÓHAPP Felipe Massa á Ferrari ekur aftan á Niko Rosberg á McLaren. NORDICPHOTOS/GETTY

Ég gat ekkert gert við þessu og var bara eins og farþegi í látunum,“ sagði Massa.

Það var Spánverjinn Fernando Alonso sem hampaði sigri en hann sýndi stólska ró í tilprifamikilli keppni og kom 1,8 sekúndum á undan Kimi Raikkonen á McLaren í mark. Ralf Schumacher á Toyota varð þriðji en Alonso er með 28 stig af 30 mögulegum í fyrstu þremur mótum ársins og hefur því hafið titilvörn sína eins og best verður á kosid. „Þetta var klikkuð

keppni og ég skil sum augnablikin ekki til fullnustu. Ég var með tuttugu sekúndna forskot en það forskot hvarf eins og döggr fyrir sólu eftir að öryggisbílnir flykkust að eftir tíu hringi. En bíllinn var fullkominn og sigurinn var aldrei í hættu. Það voru engin vandræði og 28 stig í fyrstu þremur keppnunum er draumi líkast, vonandi heldur sigurgangan frá síðasta ári áfram,“ sagði kappakatur Alonso eftir keppni.

- hph



ROBBIE FOWLER Er í hópi goðsagnanna hjá Liverpool. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

Markahrókar Liverpool:

## Fowler kominn yfir Dalglísh

**FÓTBOLTI** Robbie Fowler, sóknarmaður Liverpool, skoraði gegn WBA í ensku úrvalsdeildinni í knattspyrnu um helgina. Með markinu komst Fowler ofar en Kenny Dalglísh á listanum yfir markahæstu menn Liverpool. Fowler hefur skorað 173 mörk fyrir Liverpool en Ian Rush er markahæsti leikmaðurinn en hann skoraði 346 mörk á glæstum ferri sínum hjá liðinu.

„Það er frábært fyrir mig að vera orðinn sá fimmti markahæsti í sögu Liverpool en Kenny Dalglísh er alvöru Liverpool-goðsögn. Að komast nálægt honum á listanum er mikið afrek og það að komast ofar en hann gerir mig mjög gláðan,“ sagði Fowler sem kom aftur til Liverpool í janúar.

- hph

Veldu HYUNDAI gæði, veldu TUCSON

**TUCSON**

2.0L bsk. 142. hö  
Kr. 26.171 á mánuði

- ESP stöðugleikastýring
- ABS með EBD og TCS spólörn
- 4x4 aldrif með læsingu
- 6 loftpúðar
- Hiti í framsætum
- Hiti í framrúðu við þurrkublið
- 16" álfelgur
- Aftengjanlegur öryggispúði farþegamegin
- Verðlaunabíll í sínum flokki

Með bíllinn handa þér

HYUNDAI Official Partner

Bíll á mynd: Tucson Sport á 17" álfelgum.  
\* Blásamningur til 84 mánaða með 39% útborgun. Mánaðlegar greiðslur eru háðar vaxta- og gengisþróun.

HYUNDAI hefur gæðin

B&L Grjóthálsi 1 110 Reykjavík 575 1200 www.bl.is

Keflavík 421 4444 Akranes 431 2622 Akureyri 461 2533 Egilsstaðir 471 2524

Enska úrvalsdeildin í knattspyrnu í gær:

## Pressan á Pearce eykst

**FÓTBOLTI** Stuart Pearce er undir mikilli pressu eftir enn eitt tapið á heimavelli en Middlesbrough náði sér í þrjú stig á City of Manchester Stadium í gær gegn heimamönnum í Manchester City. Það var Lee Cattermole sem skoraði eina mark leiksins með góðum skalla í fyrri hálfleik eftir sendingu frá Stewart Downing, en þetta var fyrsta úrvalsdeildarmark hans.

Leikurinn þótti alls ekki mikið fyrir augað en aðstæður til knattspyrniðkunar voru ekki til fyrirmyndar, völlumurinn var mjög slæmur og veðrið ekki upp á sitt besta. Þrátt fyrir skárri síðari hálfleik voru heimamenn ekki nálægt því að jafna metin en leikmenn Boro voru nær því að bæta við. Það tókst ekki og eitt mark dugði þeim til sigurs.

West Ham og Charlton skildu jöfn, 0-0 á Upton Park í Lundúnum



LEO CATTERMOLE Fagnar vel og innilega fyrsta marki sínu í ensku úrvalsdeildinni.

NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

þar sem Hermann Hreiðarsson spilaði annan leikinn í hjarta Charlton-varnarinnar. Teddy Sheringham varð fertugur í gær en þurfti að dúsa á bekknum til að byrja með. Hann fékk svo besta færi leiksins en Thomas Myhre varði stórkostlega frá Sheringham og niðurstaðan varð markalaust jafntefli.

- hph

Jón Birgir Valsson, formaður GSÍ, sigraði óvænt í Íslandsglímunni um helgina:

## Draumur að taka Grettisbeltið

**GLÍMA** „Ég er varla búinn að átta mig á þessu enná,“ sagði Jón Birgir Valsson við Fréttablaðið í gær eftir glæstan sigur sinn í Íslandsglímunni um helgina. Íslandsglíman er elsta og sögufrægasta íþróttamótið á Íslandi en hún hefur verið haldin frá árinu 1906 að undanskildum árum fyrri heimsstyrjaldarinnar og var þetta því 100 ára afmæli Íslandsglímunnar.

„Ég sigraði þetta frekar óvænt. Ég gegni hlutverki formanns Glímusambandsins og hafði í mörg horn að líta fyrir mótið. Þar sem mótið fór fram á Akureyri var þetta enn meira krefjandi og ég lagði hugann ekki við Íslandsglímunna sjálfa fyrir en rétt fyrir fyrstu keppni og eftir setningar-ræðu mína,“ sagði Jón Birgir sem lagði Pétur Eypórsson, félagi sinn úr KR, í úrslitaglímunnina.



JÓN BIRGIR VALSSON Með Grettisbeltið að vopni.

FRÉTTABLAÐIÐ/LÁRUS KJARTANSSON

„Ég lagði í mótið með því að hafa gaman af þessu en skyndilega var ég kominn í þessa kjörstöðu. Ég hef æft mjög mikið í vetur og það með Pétri, við þekkjum því hvor annan mjög vel og ég

vissi alveg hvað ég þurfti að gera í úrslitunum. Ég var alveg rólegur og beið bara færis áður en ég skellti honum með vinstrifótarmarklagði,“ sagði Jón Birgir.

Þetta er í þrettánda sinn sem Jón tekur þátt í Íslandsglímunni og í annað sinn sem formaður. Þetta er í fyrsta sinn í sögu Íslandsglímunnar sem formaður Glímusambandsins ber sigur úr bítum en besti árangur Jóns Birgirs í Íslandsglímunni fyrir mótið var þriðja sæti.

„Þetta er eitthvað sem glímumenn keppa eftir ef þeir ætla að ná árangri. Þeir leggja allir upp með að vinna Grettisbeltið en það tekst ekki öllum. Ég tók mér fimm ára hlé frá glímunnunni og hafði gefið algerlega upp vonina, því sætara er þetta fyrir vikið. Þetta er draumi líkast fyrir mig,“ sagði Jón Birgir að lokum.

- hph

## Þetta var magnað einvígi

Helgi Jóhannesson vann Tryggva Nielsen í úrslitaleikum í einliðaleik karla á Íslandsmótiinu í badminton í gær og varð þrefaldur meistari. Helgi sigraði í tvíliðaleik með Brodda Kristjánssyni og í tvenndarleik með Drífu Harðardóttur.

**BADMINTON** Helgi Jóhannesson varði Íslandsmeistararitil sinn í einliðaleik karla með því að leggja Tryggva Nielsen í hörkuspennandi úrslitaeinvígi með tveimur lotum gegn einni. Helgi tapaði fyrstu lotunni með miklum mun en tvær næstu vann hann, báðar eftir bráðabana. Hann var í erfiðri stöðu í báðum þeim lotum en náði á ótrúlegan hátt að vinna sig út úr því og tryggja sér sigur.

„Þetta var magnað úrslitaeinvígi, hreint út sagt ótrúlegt. Ég veit eiginlega ekki sjálfur almennilega hvað gerðist. Ég tapaði fyrstu lotunni illa og það var erfitt að ná að rífa stemninguna upp en það tókst. Ég fékk að tala við hjálfarann minn í 90 sekúndur eftir fyrstu lotuna og hann benti mér á ákveðna punkta, meðal annars hvar Tryggvi náði að setja boltann í gólfið hjá mér. Ég einbeitti mér að þeim stöðum og þá opnuðust tækifærin fyrir mig. Hann gerði nokkur ódýr mistök og því fór þetta svona,“ sagði Helgi kampakátur við Fréttablaðið eftir sigurinn.

„Þetta var rosaleg spennan, ég var 14-10 og 16-14 undir í lotunum og það er ekki staða sem maður vill koma sér í. Ég hafði samt alltaf trú á sjálfum mér og það var frábær tilfinning þegar ég sá að sigurinn var í höfn, hoppaði og skoppaði um allan völlum einns og vitleysingur. Það var ekki leiðinlegt að ná að verja titilinn og að gera það í svona spennandi úrslitaleik gerir þetta enn sætara,“ sagði hinn þrefaldur Íslandsmeistari. Helgi og Broddi Kristjánsson lögðu Njörð Ludvígsson og Magnús Inga Helgason í úrslitum í tvíliðaleik, 15-12, 13-15 og 15-7 áður en Helgi og Drífa Harðardóttir lögðu systkinin Magnús og Tinnu Helgadóttur í tvenndarleik, 15-12 og 15-11.

Ragna Ingólfssdóttir sigraði fjórða árið í röð í einliðaleik kvenna en hún lagði Söru Jónsdóttur örugglega í úrslitum, 11-1 og 11-2. Ragna og Katrín Atladóttur unnu Tinnu Helgadóttur og Helgu Jóhannesdóttur í úrslitum tvíliðaleiks kvenna, 15-4 og 15-12.

- hph - egm



HELGI JÓHANNESSON Gerði sér lítið fyrir og vann þrefald í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL

School of Hotel Management  
IHMTI  
Neuchâtel  
Switzerland

**Exit.is kynnir frábæra Hótel- og stjórnunarskóla í Sviss, mánudaginn 3. apríl. kl. 15.00 að SÓLON, 2. hæð.**

IHMTI is one of the best established hotel management schools with 20 years of experience. Located in the centre of the Swiss university city Neuchâtel it offers:

- Swiss Higher Diploma and British Bachelor Degree in Hospitality Business Management. in 3 years only
- Paid internship in Switzerland and overseas in each year of study
- 10 months Postgraduate Programme for Bachelor Degree Holders
- Centralised location in the Swiss university city Neuchâtel
- Graduate Career Center

Member of ASEK, Swiss Hotels Schools Association

IHMTI, School of Hotel Management  
Avenue de la Gare 15, 2500 Neuchâtel, Switzerland  
Phone: 41 32 720 8050, Fax: 41 32 720 8055  
Email: ihmti@iuh.ch  
Web: www.ihmti.ch

exit.is

Porskhnakkar-fiskbollur-laxaflök  
saltfiskur-nætursaltað-kinnfiskur  
Línuýsa úr Breiðafirði  
Ekta góður plokkfiskur  
Mikið af flottum fiskréttum  
Risahörpuskel og Rækja  
Lúðusneiðar-túnfiskur-humar-surimi  
Kartöfluréttir-forréttir-ís-rúgbrauð

# Fiskbúðin Vör

Höfðabakka 1 sími 587-5070



EKKERT GEFID EFTIR Carles Puyol og Zinedine Zidane takast á í leiknum á Nou Camp á laugardagskvöldið.

NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

Barcelona og Real Madrid skildu jöfn á laugardaginn:

## Barcelona lánlaust

**FÓTBOLTI** Barcelona og Real Madrid gerðu stórmeistarajafntefli á Nývangi á laugardagskvöldið þar sem liðin skoruðu sitt markið hvort. Ronaldinho kom Barcelona yfir úr vítaspyrnu eftir að Roberto Carlos hafði brotið á Mark van Bommel. Ronaldo jafnaði svo metin með frábæru marki í fyrri hálfleik en vendipunktur leiksins kom skömmu áður þegar Brasilíumadurinn Carlos setti sig á háan hest.

Hann mótmælti vítaspyrnu-dómnum harkalega en fékk ekkert upp úr krafsinu nema gult spjald. Hann var ekki hættur og skömmu síðar fékk hann sitt annað gula spjald, einnig fyrir að deila við dómarrann og var því sendur snemma í sturtu. Frank Rijkaard, stjóri Barcelona, telur að atvikið hafi eyðilagt vonir liðs síns um sigur.

„Áður en Carlos var rekinn af velli var þetta opinn leikur en um leið og þeir urðu einum færri misstu þeir dampinn og einbeittu sér að vörninni. Við reyndum að drífa okkur of mikið eftir það þegar við vorum að leita að öðru markinu en enduðum á því að skapa færi færi en við gerum venjulega gegn fullskipuðu liði. Þrátt fyrir að vera ekki ýkja sáttir við jafnteflið eru þetta góð úrslit fyrir okkur. Á þessu stigi tímabilsins eigið þið enn eftir að sjá það besta frá Barcelona,“ sagði Rijkaard eftir leikinn en liðsmenn hans voru óheppnir að fara ekki með sigur af hólmi, því þeir glutruðu fjölda góðra marktækifæra.

Með sigrinum er Barcelona ellefu stigum á undan Madrid á toppi La Liga þegar aðeins sjö umferðir eru eftir.

- hph



Á FLEYGIFERÐ Það var keppt í styrk og tímaþrautum í gær og því var hraðinn í fyrirrími. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Vel heppnuðu móti, Skólahreysti 2006, lauk með pomp og prakt með úrslitakeppni í Laugardalshöll í gær:

## Salaskóli stóð uppi sem sigurvegari

**HREYSTI** Það var Salaskóli úr Kópavogi sem stóð uppi sem sigurvegari á Skólahreysti 2006 sem lauk í gær með úrslitakeppni í Laugardalshöll. 42 skólar af höfuðborgarsvæðinu hófu keppnina fyrir nokkrum vikum en á undanúrslitakvöldum var skólunum fækkað niður í tíu sem kepptu til úrslita í gær.

„Krakkarnir sýndu frábær tilbrif og þetta var einstaklega vel heppnað. Það var gaman að sjá hversu vel undirbúnir krakkarnir komu til leiks og þeir voru búnir að kynna sér þrautirnar út í ystu æsar. Þar sem þau kunnu þrautirnar fengum við mjög skemmtilega og spennandi keppni,“ sagði

Andrés Guðmundsson sem skipulagði mótið.

„Það hætti enginn nokkurs staðar fyrr en öll orka var búin og einbeitingin var til fyrirmyndar. Þetta var eins og að horfa á atvinnumenn keppa,“ sagði Andrés en á næsta ári verður haldin keppni þar sem allir skólar landsins munu taka þátt.

Salaskóli hlaut 59 stig, Hlíðaskóli 55,5 og Lindaskóli hreppti þriðja sætið með 55 stig. Það voru Arnar Rafn Óðinsson, Atli Örn Egilsson, Hlín Arngrímsdóttir og Alexandra P. Barkardóttir sem skipuðu sigurlíð Salaskóla sem var vel að sigrinum kominn eftir stórskemmtilega keppni. - hph



SALASKÓLI Fögnuðu sigrinum vel og innilega í mótslok. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

### ÚR SPORTINU

Arnar Þór Viðarsson var í byrjunarliði Twente sem tapaði 4-2 fyrir Feyenoord í hollensku úrvalsdeildinni í knattspyrnu í gær. Arnari Þór var skipt af velli á 66.

mínútu en átti ágætan leik fram að því. Blaise N'Kufo kom Twente yfir en Salomon Kalou jafnaði fyrir Feyenoord áður en Dirk Kuijt kom heimamönnum yfir. Patrick Gerritsen jafnaði metin aftur en tvö mörk í síðari hálfleik frá Kuijt og Kalou tryggðu Feyenoord sigurinn.



S málið Gretna mætir Hearts í bikarúrslitunum í Skotlandi. Gretna leikur í 3. deild og mun að öllum líkindum fara í UEFA-keppnina þar sem Hearts er líklegt til að keppa í Meistaradeild Evrópu með því að ná öðru sætinu í skosku deildinni þar sem Celtic á sigurinn vísan. Gretna lagði Dundee í undanúrslitunum en Hearts bar sigur úr þitum gegn Hibernian.


Freddy Shepard, stjórnarformaður Newcastle, hefur greint frá því að stutt er í það að nýr knattspyrnustjóri verði kynntur. Glenn Roeder og Alan Shearer stýra liðinu nú tímabundið eftir að Graeme Souness var látinn taka pokann sinn en margir hafa verið orðaðir við stjórstöðuna, einna helst Martin O'Neill. „Markmið okkar er að vera komnir með stjórstöðuna á hreint áður en tímabilið er búið,“ sagði Shepard í gær.



Ó víst er um þátttöku Cesc Fabregas og Emmanuel Eboue í síðari leik Arsenal og Juventus í Meistaradeild Evrópu. Fabregas stóð upp úr í fyrri leik liðanna sem Arsenal vann 2-0, þar sem spænski táningurinn skoraði eitt mark og lagði upp annað fyrir Thierry Henry, fyrrum leikmann Juventus. Bæði Fabregas og Eboue eru meiddir. „Fóturinn á Cesc bólgaði upp. Við bíðum enn eftir niðurstöðum úr rannsóknum. Báðir eiga 40-60 möguleika á að geta spilað á miðvikudaginn,“ sagði Arsene Wenger, stjóri Arsenal.



Enski kylfingurinn Paul Broadhurst varði titilinn á Opna portúgalska meistaramótinu á Algarve í golfi en hann lék hringina fjóra á 17 höggum undir pari vallar og var einu höggi betri en Anthony Wall, sem er einnig enskur. Mótið er hluti af Evrópumótaröðinni en Argentínamaðurinn Anders Romero varð þriðji á 15 höggum undir pari. Broadhurst lék lokahringinn á 5 höggum undir pari, 67 höggum, en hann jafnaði vallahringinn á fyrsta keppnisdeginum þegar hann lék á 64 höggum en næstu tvo hringi lék hann á 69 og 71 höggi. Broadhurst þurfti að leika síðustu holuna á mótinu á fugli til þess að tryggja sér sigur og tókst honum það en hann lék 18. holu vallsarsins á fugli alla fjóra keppnisdagana.



## SVONA SÉRÐ ÞÚ NFS OG SIRKUS MEÐ DIGITAL MYNDLYKLINUM ÞÍNUM

FRÁBÆR DAGSKRÁ ÁN AUKAGJALDS FYRIR ALLA MEÐ MYNDLYKIL FRÁ DIGITAL ÍSLANDI



Uppfærðu Digital lykilinn þinn strax í dag og njóttu alls þess sem Digital Ísland hefur upp á að bjóða.

### HVERNIG Á AÐ UPPFÆRA?

- Ýttu á aðalvalmynd á fjarstýringunni (menu).
- Þaðan ferðu í sjálfvirka leit og ýtir svo á OK.
- NFS og Sirkus skila sér í myndlykilinn þinn á skömmum tíma.

digital ísland

OG VODAFONE / 515 6100 / WWW.DIGITALISLAND.IS

## ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:

„He's not the Messiah. He's a very naughty boy!“

Svar:  
Móðir Brians úr kvikmyndinni Life of Brian frá árinu 1979

## dagskrá



VIÐ TÆKIÐ FREYR BJARNASON HORFÐI Á UNGFRÚ REYKJAVÍK

## Stirðbusalegir danstilburðir

Fegurðarsamkeppnin Ungfrú Reykjavík var sýnd á Skjá einum síðastliðið fimmtudagskvöld. Eiginlega var þetta ekki feegurðarsamkeppni því það sem fór fram þetta kvöld var miklu meira í ætt við danskeppni heldur en eitthvað annað.

Undanfarin ár hafa forsvarsmenn feegurðarsamkeppna reynt að gera keppnirnar nútímalegri með því að hafa léttara yfir þeim en áður. Með því að láta stúlkurnar dansa í hverju atriðinu á fætur öðru og hreyfa axlirnar á „kynsæandi“ hátt eins og reyndin var í Ungfrú Reykjavík fóru stjórnendurnir aftur á móti heldur betur yfir strikið.

Í raun má segja að þær stúlkur sem eitthvað kunnu fyrir sér í dansi þetta kvöld hafi haft forskot á hina keppendurnar, svo mikil áhersla var lögð á réttu sporin. Margar stúlkunnar voru svo stirðbusalegar á sviðinu að beinlínis þínlegt var á að horfa. Var þeim enginn greiði gerður með því að láta þær hoppa og skoppa allt kvöldið með frosið bros á vörnum.

Þegar keppendur höfðu lokið sér af í nokkrum dansatriðum í fyrri hluta keppinnar var dansinum þó ekki lokið því þá var röðin komin að enn einum dansinum, nú frá þaulæfðum dansflokki. Litu feegurð-

DANSANDI KEPPENDUR Keppendur í Ungfrú Reykjavík dónsuðu eins og þeir ættu lífið að leysa.  
MYND/LÁRUS SIGURÐSSON

ardrottningarnar vítaskuld enná verr út í samanburðinum að honum loknum.

Vonandi verða aðrar áherslur þegar fegursta kona Íslands verður kjörin síðar á árinu. Ef ekki, er ljóst að forsvarsmenn keppinnar þurfa heldur betur að fara að líta í eigin barm.

21.05  
Nýtt

PLANET EARTH

21.35  
Raunveruleiki

THE APPRENTICE

21.00  
raunveruleiki

AMERICAN IDOL

21.00  
raunveruleiki

SURVIVOR

19.50  
Körfubolti

SKALLAGRÍMUR – NJARÐVÍK

## SJÓNVARPIÐ



6.58 Ísland í bítið 9.00 Bold and the Beautiful 9.20 Í finu formi 9.35 Oprah (47:145) 10.20 My Sweet Fat Valentina 11.10 Veggfóður 12.00 Hádegisfréttir 12.25 Neighbours

12.50 Í finu formi 13.05 Home Improvement 13.30 Bringing Down The House 15.35 Osbornes (e) 16.00 Barnatími Stöðvar 2 17.15 Bold and the Beautiful 17.40 Neighbours 18.05 The Simpsons (1:23)

## SIRKUS

## SKJÁREINN

7.15 6 til sjö (e) 8.00 Dr. Phil (e) 8.45 Fasteignasjónvarpið (e)

15.50 Game tívi (e) 16.20 One Tree Hill (e) 17.05 Dr. Phil 18.00 6 til sjö



16.00 Skólahreysti 2006 18.00 Íþróttaspjallið 18.12 Sportið

## EYÐIMERKURLÍF (5:6)

## 19.00 Fréttir, íþróttir og veður

## 19.35 Kastljós

## 20.30 Svona var það (That 70's Show)

21.05 Jörðin (1:5) (Planet Earth) Breskur heimildamyndaflokkur þar sem brugðið er upp svipmynd af Jörðinni, náttúru hennar og dýralífi. Í fyrsta þættinum er fjallað um plánetuna í heild og hugað að þeim þáttum sem helst hafa mótað náttúru hennar.

## 22.00 Tiufréttir

22.25 Lífsháski (35:49) (Lost II) Bandarískur myndaflokkur um strandglópa á afskekktu eyju í Suður-Kýrrahafi þar sem ýmsar ógnir leynast. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.

## 18.30 Fréttir, íþróttir og veður

## 19.00 Ísland í dag

## 19.35 Strákarnir

## 20.05 Grey's Anatomy (22:36) (Læknafréttir)

21.35 The Apprentice – Martha Stewart (5:14) (Lærlingurinn – Martha Stewart) Fyrst var það Donald Trump og nú er komið að athafnakonunni og fjölmiðladrottningunni Mörthu Stewart.

22.20 Derek Acorah's Ghost Towns (6:8) (Draugabæli)

23.05 Meistarinn (14:21) (e)

## 18.30 Fréttir NFS

## 19.00 Ísland í dag

19.30 Fashion Television (e) Í þessum frægu þáttum færðu að sjá allt það heitasta og nýjasta í tískuheiminum í dag.

## 20.00 Friends (3:24) (Vínir 8)

20.30 Bikínimódel Íslands 2006 („bak við böndin“)

21.00 American Idol 5 (24:41) (Bandaríska stjórnuleitin 5)

21.50 American Idol 5 (25:41)

22.15 Smallville (e) (Lucy) Fjórða þáttaröðin um Ofurmennið í Smallville.

## 19.00 Cheers

## 19.25 Fasteignasjónvarpið

## 19.30 The Office (e)

20.00 The O.C. Krakarnir fara á tónleika og Marissa þarf að stilla til friðar á milli Volchock og Ryan.

21.00 Survivor: Panama Í þessari 12. þáttaröð af Survivor verður haldið á ægifyrager slóðir og leikið eftir nýjum reglum.

22.00 C.S.I. Bandarískir þættir um störf rannsóknardeildar Las Vegas borgar. Lög-reglumaður er skotinn til bana og CSI gengið rannsakar málið.

22.50 Sex and the City – 6. þáttaröð Það gengur allt vel hjá Carrie og Berger fyrir utan í svefnherberginu.

## 18.30 PGA mótaröðin (US PGA Tour 2006)

19.50 Iceland Expressdeildin (Skallagrímur – Njarðvík) Bein útsending frá leik Skallagrims og Njarðvíkur í undanúrslitum í Iceland Express-deildinni. Spennan er farin að magnast en nú mætast liðin í fjórða sinn.

21.50 Ítölsku mörkin Öll mörkin, flottustu tilþrifin og umdeildustu atvikin í ítalska boltanum frá síðustu umferð.

## 22.15 Ensku mörkin

22.45 Spænsku mörkin Síðasta umferð í spænska boltanum eru gerð ítarlega skil. Öll mörkin, tilþrifin, umdeildustu atvikin og allt það markverðasta úr síðustu umferð.

23.10 Spaugstofan 23.35 Enska mörkin 0.30 Kastljós 1.25 Dagskrárlök

23.50 Prison Break (B. börnum) 0.35 Rome (Str. b. börnum) 1.25 Edward Scissorhands 3.05 Conan the Destroyer (Bönnuð börnum) 4.40 Grey's Anatomy 5.25 Fréttir og Ísland í dag 6.30 Tónlistarmyndbönd frá Popp TÍVÍ

23.00 Idol extra 2005/2006 (e) 23.30 Friends (3:24) (e) 23.55 Bikínimódel Íslands 2006

23.20 Jay Leno 0.05 Boston Legal (e) 0.55 Threshold (e) 1.45 Cheers (e) 2.10 Fasteignasjónvarpið (e) 2.20 Östóðvandi tónlist

## BÍÓ STÖÐ 2 BÍÓ

6.00 The Whole Ten Yards (Bönnuð börnum) 8.00 The Lizzie McGuire Movie 10.00 Liar Liar 12.00 Talk of Angels 14.00 The Lizzie McGuire Movie 16.00 Liar Liar 18.00 Talk of Angels 20.00 The Whole Ten Yards Aðalhlutverk: Bruce Willis, Matthew Perry, Amanda Peet. Bönnuð börnum. 22.00 Saw Str. b. börnum. 0.00 We Were Soldiers (Stranglega bönnuð börnum) 2.15 Green Dragon (Bönnuð börnum) 4.05 Saw (Stranglega bönnuð börnum)

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## E! ENTERTAINMENT

12.00 E! News Weekend 13.00 101 Most Shocking Moments in Entertainment 14.00 101 Most Shocking Moments in Entertainment 15.00 101 Most Shocking Moments in Entertainment 16.00 101 Most Shocking Moments in Entertainment 17.00 Divas Gone Bad 17.50 Big Buzz Gone Bad 18.00 E! News Weekend 19.00 The E! True Hollywood Story 21.00 Dr. 90210 22.00 Gastineau Girls 23.00 Gastineau Girls 23.00 E! News 23.30 Big Buzz Gone Bad 0.00 Dr. 90210 1.00 101 Most Shocking Moments in Entertainment

## AKSJÓN

Fréttapátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15

## ENSKI BOLTINN

7.00 Helgaruppgjör (e) 8.00 Helgaruppgjör (e) 14.00 Fulham – Portsmouth frá 01.04 16.00 Everton – Sunderland frá 01.04 18.00 Prumuskot

18.50 Blackburn – Wigan (b)

21.00 Að leikslökum

22.00 More than a Game: Brasilía (e)

23.00 Prumuskot (e) 0.00 Blackburn – Wigan 2.00 Dagskrárlök

VÍSIR

VEF TV

NFS Í BEINNI  
Á VISIR.IS  
35.000 gestir vikulega  
sem dvelja í u.þ.b. eina klst. hver.

Auglýsingasími 550 5000.



## VIÐ MÆLUM MEÐ ...

Jörðin

Sjónvarpið kl. 21.05

## Frá tvö hundruð stöðum á jörðinni.

Jörðin er nýr, breskur heimildamyndaflokkur þar sem brugðið er upp svipmynd af jörðinni, náttúru hennar og dýralífi. Myndaflokkurinn tók fimm ár í vinnslu og á meira en tvö þúsund tókudögum tóku 40 myndatökumenn myndir á 200 stöðum. Áhorfendur eru teknir með í stórkostlegt ferðalag um jörðina á öllum árstíðum og þeim sýnd hrikaleg fjöll og gljúfur, hellar og eyðimerkur og hugað er að erfiðri lífsbaráttu sjaldséðra dýra.



## Sudoku dagsins

Fylltu út í reitina þannig að hver lína, hver dálkur og hver 3x3 kassi rúmi allar tölurnar á bilinu 1 til 9. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar sinnum í sömu línu, sama dálki eða sama 3x3 kassa. Engin stærðfræðikunnátta er nauðsynleg þó leikið sé með tölum. Þrautin er leyst með rökhugsun og útsjónarsemi. Lausnir, ráðleggingar og upplýsingar eru á [www.sudoku.com](http://www.sudoku.com). Lausn þrautarinnar birtist á sama stað í blaðinu á morgun.

## Lausn á gátu gærdagsins

2	7	3	4	5	9	1	6	8
8	5	9	1	2	6	4	3	7
6	1	4	3	7	8	2	9	5
7	3	6	8	4	1	9	5	2
5	9	1	2	3	7	6	8	4
4	8	2	6	9	5	7	1	3
1	2	8	5	6	4	3	7	9
9	4	5	7	1	3	8	2	6
3	6	7	9	8	2	5	4	1

			9				1	
	3	1	7					8
	6					4		
		6		8		2	7	
4								1
	2	3		9		5		
		9					5	
7					8	1	9	
	5				9			



▶ 14.00

Spjall

HRAFNAÞING/MIKLABRAUT



7.00 Ísland í bítíð 9.00 Fréttavaktin fyrir hádegi

12.00 Hádegisfréttir 12.40 Hádegjöld – fréttaviðtal. 13.00 Íþróttir/lífsstíll 13.10 Íþróttir – í umsjá Þorsteins Gunnarssonar. ▶ 14.00 Hrafnáþing/Miklabraut 15.00 Fréttavaktin eftir hádegi 18.00 Kvöldfréttir/Ísland í dag / íþróttir / veður

19.45 Brot úr dagskrá

20.00 Fréttir

20.10 Silfur Egils Umræðuþáttur í umsjá Egils Helgasonar.

21.00 Fréttir

21.10 60 Minutes Framúrskarandi fréttuþáttur sem vitnað er í.

22.00 Fréttir Fréttir og veður

22.30 Hrafnáþing/Miklabraut Hrafnáþing þriðjudaga, fimmtudaga og föstudaga í umsjá Ingva Hrafn Jónssonar og Miklabraut mánudaga og miðvikudaga í umsjá Sigurðar G. Tómassonar.

23.15 Kvöldfréttir/Íslandi í dag/Íþróttir  
0.15 Fréttavaktin fyrir hádegi 3.15 Fréttavaktin eftir hádegi

## RÁS 1 FM 92,4/93,5



7.05 Morgunvaktin 9.03 Laufskálinn 9.50 Morgunleikfimi 10.13 Stefnumót 11.03 Samfélagið í nærmynd

12.00 Fréttayfirlit 12.03 Hádegisútlit 12.20 Hádegisfréttir 13.00 Viðt og breitt 14.00 Fréttir 14.03 Útvarpssagan 14.30 Miðdegistónar 15.03 Í þágu íbúanna 17.03 Viðsjá

18.00 Kvöldfréttir 18.25 Spegillinn 19.00 Vítinn 19.30 Laufskálinn 20.05 Söngvamáll 21.00 Hugsað heim 22.15 Lestur Passíusálma hefst 22.22 Úr tónlistarlífinu

0.10 Útvarpað á samtengdum rásum til morguns

## RÁS 2 FM 90,1/99,9



6.05 Morguntónar 6.30 Morgunútlit Rásar 2 9.05 Brot úr degi

12.03 Hádegisútlit 12.20 Hádegisfréttir 12.45 Poppland 16.10 Síðdegisútlit

18.00 Kvöldfréttir 18.24 Auglýsingar 18.25 Spegillinn 19.00 Sjónvarpsfréttir 19.30 Ungmennafélagið 21.30 Konsert 22.10 Popp og ról

## BYLGIJAN FM 98,9



5.00 Reykjavík Síðdegis. 7.00 Ísland í Bítíð 9.00 Ívar Guðmundsson

12.00 Hádegisfréttir 12.20 Óskalahádegis Bylgjunnar 13.00 Bjarni Arason 16.00 Reykjavík Síðdegis

18.30 Kvöldfréttir og Ísland í Dag. 19.30 Bragi Guðmundsson - Með Ástarkveðju

## AÐRAR STÖÐVAR



FM 90,9 TALSTÖÐIN  
FM 99,4 ÚTVARP SAGA  
FM 95,7 Effemm / Zúber tónlistarstöðin  
FM 102,2 Útlit Latibær / Fjölskyldu útlit  
FM 102,9 Lindin / Kristlegt efni  
FM 96,7 Létt / Tónlist og afþreying  
FM 105,5 Útlit Boðun / Kristlegt efni  
FM 89,5 Kiss / Nýja bítíð í bænum  
FM 88,5 XA-Rádió / 12 spora efni  
FM 91,9 XFM / Tónlist og afþreying  
FM 104,5 Rádió Reykjavík / Tónlist og afþreying



# Íbúðalánasjóður styrkir háskólanema

Í tilefni afmælisins Húsnæðislán í 50 ár veitir stjórn Íbúðalánasjóðs námsmönnum í háskólanámi styrki til rannsókna á sviði húsnæðismála.

Val á umsóknum grundvallast á því að rannsóknirnar nýtist starfssemi Íbúðalánasjóðs á hverjum tíma.

Nánari upplýsingar á [www.ils.is](http://www.ils.is)

Styrkirnir nema 2.500.000 kr. árlega og verða veittir í þrjú ár, fyrsta styrkveitingin er á þessu ári.

Umsóknarfrestur er til 30. apríl 2006.

[www.ils.is](http://www.ils.is)

Borgartúni 21

105 Reykjavík

Sími: 569 6900 - 800 6969

Fax: 569 6800



Íbúðalánasjóður



## HRÓSIÐ

... fær Halldór Ásgeirsson sem gerði sér lítið fyrir á föstudaginn og byrjaði kvöldið með því að spila með hljómsveit sinni Furstaskyttunni á Músiktilraunum en rauk svo beint niður í Háskólabíó þar sem hann keppti með liði MH í Morfís mælsku-keppninni þar sem hann var valinn Ræðumaður Íslands.



## SÉRFRÆÐINGURINN HALLBJÖRN HJARTARSON OG BESTI SVEITASÖNGVARINN

## Dwight Yoakam miklu fremri en Garth

Útvarpsmaðurinn Hallbjörn Hjartarson, eigandi Kántríabæjar á Skagaströnd, segist halda mikið upp á bandaríska sveitasöngvarann Dwight Yoakam.

„Mér finnst tónlistin hjá honum vera dálítið lifleg og skemmtileg. Strákurinn syngur vel og beirir rödd sinni vel í lögnum. Mér finnst framkoma hans og söngur skemmtilegur og að mínu mati er hann fremri öllum öðrum í Bandaríkjunum. Garth Brooks hefur verið talinn sá besti en að mínu mati er Dwight miklu, miklu fremri,“ segir Hallbjörn.


Hann segist eiga erfitt með að nefna uppáhalds-lagið sitt með Dwight en það sem fyrst kemur í hugann sé Pocket of a Clown. „Pau eru mörg miklu betri en til að geta nefnt eitthvað þá er þetta það fyrsta sem mér dettur í hug,“ segir hann.

Í gamla daga átti Hallbjörn tvo uppáhalds-kántrísöngvara; þau Johnny Cash og Dolly Parton. „Ég elska Dolly Parton en í seinni tíð hef ég verið að

spila hann Johnny minn miklu minna en ég gerði áður,“ segir hann. „Maður er búinn að spila hann daginn út og daginn inn síðan maður man eftir sér en ég bregð honum alltaf á þegar ég er beðinn um það.“

Hallbjörn segist aftur á móti spila Dolly Parton frekar reglulega. „Hún er mitt upphald. Það eru líka svo falleg á henni brjóstin. Þau eru hennar aðaltrömp fyrir utan sönginn,“ segir hann og bætir við: „Maður tekur að minnsta kosti eftir þeim, það er ekki hægt annað. Þau gefa hverjum kvenmanni sinn svip.“

HALLBJÖRN HJARTARSON  
Kántríkóngurinn af Skagaströnd heldur mikið upp á Dwight Yoakam.  
MYND/EINAR ÖRN JÓNSSON



## LÁRÉTT

2 fuglsnef 6 skammstöfun 8 klettasprungu 9 fley 11 borðaði 12 ólögl. innflutningur 14 snjóhruga 16 utan 17 traust 18 fálml 20 smáorð 21 fimur.

## LÖÐRÉTT

1 goggs 3 einnig 4 gutla 5 varkárni 7 nagdýr 10 ar 13 hola 15 fiskur 16 upphrópun 19 hef leifi.

## LAUSN

LAUSN  
LÖBÉTTI: 1 nefn, 3 og, 4 gálfra, 5 gál, fúml, 20 að, 21 frá.  
LÁRÉTT: 2 goggs, 6 eh, 8 gíá, 9 far, 11 á, 12 smyg, 14 skáfi, 16 út, 17 trú, 18

## STÉPHANE AUBERGY: VÍNINNFLYTJANDI MEÐ HUGSJÓNIR

## Mótmæli með verðlækkun

Stéphane Aubergy, vinninflytjandi og framkvæmdastjóri Vínokran Bourgogne ehf., er afar ósáttur við hátt áfengisgjald á Íslandi sem hann telur valda því að fjöldi neytenda fer á mis við eðalvín. Mótmæli eru Frökkum í blóð borin og Stéphane hefur nú brugðist við áfengisgjaldinu með því að selja rauðvín á kostnaðarverði og því fást rauðvínstegundirnar Art de Vivre og Pujol nú á 1000 krónum í verslunum ÁTVR.

„Ég er aðallega að gera þetta svo fólk láti eftir sér að bragða á þessum vínunum,“ segir Stéphane, „og svo ekki síður til að vekja athygli á því að sumir innflytjendur stýra vörurvalinu í vinnubúðunum þótt reglur ÁTVR geri ráð fyrir að vilji neytenda ráði ferðinni.“

Stéphane segir vinnubrögðin hjá ÁTVR hafa batnað mikið með árunum og þar hafi margt gott verið gert hvað reglugerðir og úrval varðar. Hann bendir þó á að það sé þó ekki endilega vilji neytenda eða raunverulegar vinsældir tiltekinnna vína sem ráði því hvaða vín fara úr reynslusölu í kjarnasölu. „Stærri innflytjendur geta stýrt þessu með því að kaupa sjálfir sínar vörur í miklum mæli og verða þannig ofan á þegar vín eru valin í kjarnasölu. Það eru því ekki endilega alltaf bestu vínin sem eru í boði,“ segir Stéphane og telur að enn megi gera betur í þessum málum.

Þótt Stéphane vilji aðgang fólks að eðalvínunum sem greiddastan telur hann íslenska vinnmenningu ekki hafa náð þeim þroska að tímabært sé að selja áfengi í matvöruverslunum. „Þá yrðu minni innflytjendur örugglega undir. Við komumst þó í það minnsta að hjá ÁTVR og ég er hræddur um að úrvalið yrði takmarkað í matvöruverslunum. Það væri nær að hafa almennilegar sélverslanir með vín þar sem fólk getur smakkað og fengið ráðleggingar hjá sérfræðingum. Í stórverslunum í Frakklandi eru vinnfræðingar en það yrði tæpast hægt að leita ráða hjá unglingum í matvöruverslunum á Íslandi. Annars eiga vínin helst að fá að tala og selja sig sjálf.“



STÉPHANE AUBERGY Segir marga vinninflytjendur of upptekna af því að fá sem mestan pening fyrir ódýr vín og skaði þannig ímynd vinnfræðislulanda. „Vín er landbúnaðarvara en ekki iðnaðarvara, léttvín byggir á náinni tengingu manns, jarðar, plöntu og veðurfar.“

FRÉTTAblaðið/HEIDA

Stéphane segist standa í vinninflytningu sínum af hugsjón. „Við Frakkar erum auðvitað fæddir með í það minnsta einn putta í vín glasi og þegar ég flutti hingað fannst mér margt vanta, þó aðallega léttvín frá minni framleiðendum. Vínurvalið er ekki nógu gott. Ég byrjaði því að flytja inn vín í litlu magni, aðallega fyrir sjálfan mig og veitingahús. Mér finnst ég bera ábyrgð á ánægju fólks og þá ekki bara þeirra sem

drekkja vínin heldur líka bændanna sem vilja að margra ára vinna þeirra fari alla leið og komist til neytenda.“

Stéphane leggur ekki síður mikið upp úr því að fólk temji sér eðlilega umgengni við vín og leggur áherslu á að vís eiga að neyta með mat. „Vín á að drekkja með mat og það sem gerir vinnmenninguna svo sterka í gamla heiminum er að vingerðin tengist matargerð í hverju héraði fyrir sig svo

náið. „Þess vegna er svo mikilvægt að áherslan sé á fjölbreytni en þegar sumir innflytjendur kaupa af sjálfum sér til þess að tryggja sér hillupláss í vinnubúðum þá eru þeir um leið að draga úr fjölbreytninni. Mér finnst svona viðskiptasiðferði ekki eðlilegt,“ segir Stéphane sem vonast til að verðlækkunin beini sjónum kaupenda að afurðum minni vinnfræðenda.“

thorarin@frettabladid.is

## AUGLÝSINGASÍMI

550 5000

## FRÉTTAblaðið

Upplýsingar í síma 560 2626  
Textavarp: Stöð 2 • 150-163  
RÚV • 291, 293 og 294

**LÓTTÓ**

Vinningstölur laugardaginn 1.4.2006

2 3 4 10 13

Einfaldur 1. vinningur nk. laugardag

Bónustala 11

Jókerstölur vikunnar

Jóker 2 9 0 3 2

Fyrsti vinningur gekk ekki út.

VÍKINGA LOTTO Alltaf á miðvikudögum

Vinningstölur miðvikudaginn 29.3.2006

Adaltölur 17 18 33 34 41 47

Bónustölur Ofurtala 15 39 11

Einfaldur 1. vinningur nk. miðvikudag

Jókerstölur vikunnar

Jóker 6 7 5 7 9

Fyrsti vinningur gekk út.

Bli með fyrnara um prentuk

## Leaves birtast á ný í Reykjavík

Hin sjaldséða hljómsveit Leaves birtist á Gauknum í kvöld og spilar fyrir rokkþyrsta addáendur sína. Drengirnir hafa legið í dvala síðan um jólin en fannst kominn tími til að láta sjá sig á ný meðal borgarbúa. Fækkun hefur orðið í sveitinni síðan hún tróð upp síðast en Arnar Ólafsson gítarleikari er hættur. „Þetta var allt í góðu, hann var búin að gera tvær plötur með okkur og fannst komið gott,“ segir Hallur Már Hallsson en víðurkennir að aukinn kraftur einkenni nú sveitina. „Brotthvarfið var því hvorki slæmt fyrir okkur né hann,“ bætir hann við.

Hljómsveitin hefur verið önnur kafin við upptökur á nýrri breið-

skífu í Höfdatúni þar sem Hljóðsetning var eitt sinn til húsa. „Við eigum það ásamt umboðsmanni okkar og þetta er tölurverð breyting frá því sem áður var,“ útskýrir Hallur. „Þá þurftum við að klára allar upptökur á mánuði og fá kannski upptökustjóra erlendis frá. Núna getum við legið meira yfir efninu okkar,“ bætir hann við en tónleikagestir mega eiga von á því að heyra nýtt efni frá hljómsveitinni í bland við gamalt.

Ekkert launungarmál er að sveitin hefur alltaf sett markið hátt og afrekaði það meðal annars að komast á plötusamning hjá Island Records og dótturfyrirtæki Dreamworks. Hún spilaði á tíu tón-



ROKKSVEITIN LEAVES Mannabreytingar hafa átt sér stað hjá hljómsveitinni en meðlimir segjast fyrir vikið vera orðnir mun kraftmeiri.

FRÉTTAblaðið / SIGURJÓN

leikum með skosku rokkveitinni Supergrass og Hallur telur að markmiðið hafi ekkert breyst. „Við höfum alltaf verið mjög metnaðar-

gjarnir og viljum spila erlendis,“ segir hann en stefnt er að útgáfu nýjustu breiðskífunnar í bæði Japan og Bandaríkjunum.

-fgg

# FJÖRIÐ BYRJAR

á morgun  
lagerútsala Betra Bak hefst á þriðjudaginn kl. 13:00 í Skeifunni 7

**30-70%  
Afsláttur**

Í bústaðinn!  
**Crown Heilsurúm**  
Verðdæmi 160x200 cm  
kr. 69.900,-  
~~áður kr. 95.948~~  
með botni og löppum



**Teppasett**  
Teppi - pífa - púði  
og tvö koddaver  
Verðdæmi Queen  
Frá kr. 12.900,-



**Amerískir  
hægindastólar**

Leður og tauefni.  
Verð frá kr. 45.900,-



**Apple náttborð**  
Eik, hnota og ljóst beyki  
Verð frá 19.900  
Allt að 40%  
afsláttur.

**Gaflar**  
Í miklu úrvali.  
15-50% afsláttur



**Nú er rétti  
tíminn!**  
Stillanleg rúm á verði sem  
ekki hefur sést áður.



**4Motion  
stillanleg rúm!**  
Hönnun í takt við tímann  
á stórlækkuðu verði.



**Spring Air**  
Verðdæmi - Never Turn:  
Queen rúm 153x203 cm  
99.000,- án gafls.

## EKKI MISSA AF ÞESSU!

# FRÉTTABLAÐIÐ

SÍMANÚMÉR FRÉTTABLAÐSINS: 550 5000, fax: 550 5099 Rítstjórn: 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is  
DREIFING: dreifing@posthusid.is Auglýsingadeild: auglysingar@frettabladid.is Veffang: visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000

## MARKAÐURINN

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVIKUDAGA



AUGLÝSINGASÍMI  
**550 5000**



### BAKÞANKAR

PRÁINS BERTELSSONAR

## „Litli diplómatinn“

Heimildarmaður í utanríkisráðuneytinu sem ekki vill láta nafns síns getið og gengur undir dulnefninu „Litli diplómatinn“ hefur skýrt Fréttablaðinu frá því sem fram fór á fundi samninganefnda nýu Íslendinga og 26 Bandaríkjamanna um varnarmál síðastliðinn föstudag. Fréttablaðið getur upplýst að þessi sami aðili ljóstraði því upp fyrir tæpum mánuði að samningaviðræður við Bandaríkja-stjórn „væru í mjög góðum farvegi“.

„VIÐ metum stöðuna svo að við séum í mjög góðum málum,“ sagði „Litli diplómatinn“ og huldi andlit sitt í höndum sér. „Til dæmis við-urkenndi Mr. Pekala, varaadstoðarutanríkisráðherra Bandaríkja-anna, hreinskilnislega að eflaust hefði ný varnaráætlun mátt liggja fyrir áður en tilkynnt var að herinn færi. „Við höldum reyndar að þið ætluðuð að gera þetta því að þetta er jú ykkar land og svona,“ sagði Mr. Pekala og bætti því við að það hefði verið rosalega mikið að gera í Pentagon síðan Rumsfeld kom.“

„ÓKEI,“ (Gott og vel), sagði þá formaður íslensku nefndarinnar. En Mr. Pekala bað um að það yrði bókað að formaður íslensku nefndarinnar hefði skilning á viðhorfum Bandaríkjamanna.

SÍÐAN hófust umræður um varnarmál og undruðust bandaríska admírálarnir hvílfka þekkingu íslenska sendinefndin hafði á þeim málaflokk. Sögðu þeir að viðhorf Íslendinganna væru svo athyglis-verð að greinilega yrði að halda fleiri fundi til að kryfja þau til mergjar. Var gerður góður rómur að þeirri tillögu og þeim áhuga sem bandaríska sendinefndin sýndi sjónarmiðum Íslendinga. Ákveðið var að hleypa af stað nýju samningaferli undir nafninu UGLY AMERICAN til að veða og meta varnarþörf Íslands og atvinnuhorfu á Suðurnesjum. Bandaríska sendimönnunum var því næst tilkynnt að Albert Jónsson yrði næsti sendiherra Íslands í Bandaríkjunum og fannst þeim mikið til þess koma. Síðan var ákveðið að Íslendingar myndu senda stóra sendinefnd til Bandaríkjanna á næstunni og kvaðst Mr. Pekala ætla að ganga í það persónulega að bóka gott hótél. „Það er ekki á hverjum degi sem við fáum gesti sem ætla að spara Bandaríkjunum 250 milljónir dollara á ári.“



NISSAN MICRA



# MICRA FYRIR MJÚKA MENNI!



## Nissan Micra

Verð frá 1.490.000 kr.

6 diska geislasplari, lykjalaus, sjálfvirkar rúðupurrkur.



MICRA er betra!

\*Mánaðarleg greiðsla 17.990 kr. miðað við 20% útborgun og bílasaming í 84 mánuði

Ingvar Helgason

Sævarhófa 2 Sími 525 8000 www.ih.is

Opið: Mánudaga – föstudaga kl. 9.00 - 18.00 og laugardaga kl. 12.00 - 16.00

Umboðsmenn um land allt

Selfossi 482 3100

Njarðvík 421 8808

Akranesi 431 1376

Höfn í Hornafirði 478 1990

Reykjarfirði 474 1453

Akureyri 461 2960

## ÓKEYPIS ÍSETNING

## 2006 línan frá Pioneer



Pioneer DEH-1800

• 4 X 45 W magnari • D4G Digital • RDS Móttakari • FM/AM/LW • 18 stöðva minni • Laus framhlíð • EEG forstilltur tónjafnari • RCA útgangur • Verð 17.900.-



Pioneer DEHP-4800MP ... Spilar MP3/WMA/WAV

• Mosfet 4 X 50 W magnari • Útvarp FM/AM/LW • 18 stöðva minni • 3 Banda tónjafnari • EEG forstilltur tónjafnari • 2 x RCA útgangur • Snúningstakki • Verð 24.900.-

ALVÖRU  
GRÆJUR  
Í BÍLINN

ORMSSON

SMÁRALIND Sími 530-2900 | SÍÐUMÚLA 9 Sími 530-2800